

# Reglugjörð

fyrir  
h reppstjóra.

68  
29. apríl.

## I. Almennar skyldur.

### 1. gr.

Hreppstjóri er umboðsmaður sýslumanns bæði gagnvart hreppsnefndinni og gagnvart almenningi.

Með því að sýslumaður bæði sem oddviti sýslunefndarinnar og sem lögreglustjóri (sbr. 22. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872) stendur í sambandi við hreppsnefndina, ber hreppstjóranum að vinna saman við hreppsnefndina sveitinni til heillar í eindrægni og góðu samkomulagi, og ber hreppstjóranum að veita hreppsnefndinni alla þá aðstoð og leiðbeiningu, sem hann getur í tje látið, jafnvel þó málið beri undir hreppsnefndina, svo sem mál um framfærslu þurfamanna, uppfóstur og uppeldi barna, almenn heilbrigðismál, viðhald á aukavegum, notkun afrijetta, fjallskil, fjárheimtur, refaveiðar, umsjón um þinghús hreppsins og aðrar fasteignir o. fl.

Hann á að kynna sjer sem best lög þau, sem snerta stöðu hans, einkum hin almennu hegningarlög og ákvarðanir þær, sem fylgja ber um góða lögreglu. Sje honum eitthvað í þessu efni óljóst, á hann að leita skýringa til sýslumannsins og nákvæmlega fhuga það, sem honum er sagt eður skipað. Geti hann, þegar til hans er leitað, eigi náð til sýslumanns, verður hann að bera sig saman við prestinn eða aðra merka menn í sveitinni og þá ráðstafa því, sem honum með ráði þeirra þykir best fara, en sýslumanni skal hann þar eptir sem fyrst skýra frá framkvæmdum sínum.

### 2. gr.

Þar eð lausafje er helzti gjaldstofn alþjóðlegra gjalda, er það ein af aðalskyldum hreppstjóra, að styðja að því eptir fremsta megni, að rjett sje talið fram til tíundar; enn fremur er hreppstjóri skyldur að hafa nákvæmt eptirlit með því, að rjett sje skýrt frá öðrum gjaldstofnum (t. a. m. sjáfarafja og atvinnutekjum), og ber honum að aðstoða sýslumann í öllum embættismálefnum og að framkvæma vegna sýslumanns einstakar rjettargjörðir í einkamálum, og á hann í hvert sinn, er slíkt mál er falið honum á hendur, nákvæmlega að breyta eptir þeim reglum, sem honum eru fyrir settar.

### 3. gr.

Hreppstjóri má ekki heimta, taka á móti eða láta lofa sjer fyrir embættisverk sín gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann hefir ekki tilkall til samkvæmt lögunum og þessari reglugjörð, og varðar slíkt bæði hreppstjóranum og þeim, sem gaf, lofaði eða bauð, hegningu eptir 118.—120. grein hegningarlaganna samanbornum við 145. grein þeirra.

### 4. gr.

Í embættisrekstri sínum er hreppstjóra skylt að sýna sýslumanni og öðrum yfirbjóðendum sínum lotningu og hlýðnast vandlega skipunum þeirra. Sje hreppstjóri í vafa um, hvort einhver embættisskipun sýslumanns sje lögleg eða rjett, skal hann sem fljótast leita nýrra skýringa og skipana frá sýslumanni, ef tími er til; en þöli skipunin eigi slíka bið, er hann skyldur að framkvæma hana á ábyrgð sýslumanns; en heimilt er honum að bera málið síðan upp fyrir amtmanni eða landshöfðingja.

### 5. gr.

Allar skýrslur hans um embættismál eiga að vera greinilegar og nákvæmar, en  
Hinn 29. apríl 1880.

**68** umfram allt sannleikanum samkvæmar. Semji hreppstjóri af ásettu ráði ranga embættis-  
29. apríl skýrslu, varðar það honum hegningu samkvæmt 135. og 145. grein hegningarlaganna.

6. gr.

Honum er skylt að vera þögull og orðvar, og má hann ekki segja öðrum en yfir-  
bjóðöndum sínum frá því, er hann verður áskynja í embættisrekstri sínum, og sem ekki  
má berast út meðal almennings. Segi hann frá nokkru viðvíkjandi embætti sínu, er á  
að fara leynt, varðar það honum refsingu eptir 140. og 145. grein hegningarlaganna.

7. gr.

Hann á með staðfestu og hugrekki að fylgja fram embætti sínu og ekki láta  
sannast á sig neina vanrækt eður hirðuleysi. Gagnvart sveitungum sínum og öðrum, er  
leita aðstoðar hans, á hann að sýna kurteisi og velvild, og ber honum jafnan að vera fús  
á að leiðbeina mönnum og aðstoða þá í öllu því, sem miðar til hagsældar sveitarinnar.  
Verði hann fyrir ofbeldi, meiðyrðum, hótunum eður öðrum árásum eður mótþróa í embættis-  
isgjörðum sínum, skal hann skýra sýslumanni frá því, og mun sýslumaður þá lögsejka  
hinn seka, samkvæmt 99.—102. grein hegningarlaganna; en hreppstjóri verður sjálfur vel  
að gæta þess, að gjalda ekki líku líkt, og aldrei láta leiða sig til að viðhafa skammar-  
yrði eður koma öðruvísi fram, en stilltu og gætnu yfirvaldi vel semir.

## II. Meðferð á gløpamálum.

8. gr.

Ef menn sem hafa verið dæmdir fyrir gløpi, eður af öðrum ástæðum hafa illt  
orð á sjer fyrir óráðvendni, koma til sveitarinnar, eður eru þar heimilisfastir, á hrepp-  
stjóri að hafa vakandi auga á slíkum mönnum. Sje maðurinn dæmdur til að vera und-  
ir sjerlegri tilsjón lögreglustjórnarinnar, er hann skyldur að segja hreppstjóra frá vist  
sinni í sveitinni og frá því, er hann fer úr sveitinni, og á þá hreppstjóri sem fyrst að  
tilkynna þetta sýslumanni; að öðru leyti á hreppstjóri að haga sjer eptir því, sem sýslu-  
maðurinn skipar fyrir um slíka tilsjón.

Ef að hneykslanleg sambúð karls og konu á sjer stað í sveitinni, á hann að leggj-  
ast á eitt með prestinum til að koma hlutaðeigöndum til að skiljast hvort frá öðru, eður  
ef ekkert er því til fyrirstöðu, að ganga í hjónaband saman; en verði slíkar áminningar  
árangurslausar, á hann að skýra sýslumanni frá sambúðinni, svo að málið verði lagt til  
yfirvalds úrskurðar samkvæmt 179. gr. hegningarlaganna (sbr. tilsk. 21. desbr. 1831 V).

9. gr.

Nú verður hreppstjóri þess áskynja, að einhver gløpur hafi verið drýgður, og á  
hann þá við fyrsta hentugleika að yfirheyra þá, er geta sagt frá gløpnum, og þar eptir  
rita svö nákvæma skýrslu, sem honum er unnt um það, er honum hefir verið sagt.

Skal þá einkum skýra frá:

1. nafni og heimili þess, sem orðið hefur fyrir gløpnum; sjeu þeir fleiri, þá nafni og  
heimili sjerhvers einstaks;
2. í hverju gløpurinn er innifalinn; sje það þjófnaður eða svik, sem sagt er frá, á að  
skýra sem nákvæmlegast frá hinum einstöku fjármunum, sem talað er um, og frá  
verði sjerhvers hlutar;
3. hvar gløpurinn er framinn, og hvenær ætlað er, að hann hafi átt sjer stað; um  
stolna muni á að segja frá því, er menn vita, að hluturinn eða fjeð síðast var þar,  
sem eigandinn hafði látið það, og frá því, er menn fyrst söknuðu þess.

4. hver eða hverjir eru grunaðir um glöppinn, og ástæður þær, er menn byggja þenna grun á;
5. nöfnum og heimilum þeirra, sem auk eigandans eður þess, sem misgjört er við, hafa gefið eður geta gefið skýrslu um glöppinn.

Þessa skýrslu sendir hreppstjóri sem fyrst sýslumanni, og hefur hann, þangað til sýslumaður getur komið á staðinn, vakandi auga á hinum grunaða, en reynir samt, eins og sagt var í 8. grein, að sporna við því, að nokkuð berist hinum grunaða um það, sem hefir verið sagt um hann eður ráðstafað af hreppstjóranum.

Þyki það ísjárvert að fresta framkvæmdum í málinu, þangað til sýslumaður kemur að, má hreppstjóri með ráði prestsins eður annara merkra manna og í viðurvist 2 valinkunnra manna fara sjálfur til hins grunaða og bera á hann gruninn. Meðkenni hann þá það, sem borið er á hann, og komi hann fram með hina stolnu muni, eður aðra hluti, sem fengizt hafa fyrir glöpp, eður hafðir hafa verið eður ætlaðir til að drýgja með afbrot, á hreppstjórinn í votta viðurvist að rita skýrslu hans um hin einstöku atvik við glöpp þann, er hann hefur framið, og senda hana sem fyrst sýslumanni. Þar að auki tekur hreppstjórinn til varðveizlu hina nefndu muni, eptir að þeir eru auðkenndir með innsiglium eður á annan hátt, svo að vottar þeir, er viðstaddir eru, síðan geti þekkt þá aptur með vissu. Ef þar í mót hinn grunaði þrætir fyrir að hafa orðið sekur í glöpp þeim, sem borinn er á hann, skal hreppstjóri, ef spurning getur verið um, að sakborningur hafi undir hendi hlut viðkomandi glöppnum, gefa honum kost á að fá hús sín og hirzlur rannsakaðar þegar í stað, og má þá með samþykki hlutadeiganda húsleit fara fram á heimili hins grunaða. Vilji hinn grunaði ekki leyfa hreppstjóra að gjöra húsleit, þarf dómsúrskurðar með til þess að hún fari fram, sjá 49. gr. stjórnarskrárinnar; en sjeu megnar líkur á móti hinum grunaða og þyki það nauðsynlegt að sjá um, að hann komi ekki undan stolnum munum, eður öðrum slíkum hlutum, eður á annan hátt tálmi rannsókninni, má hreppstjóri taka hinn grunaða fastan. Í húsum þeim eða hirzlum, sem þörf þykir á að rannsaka, ber hreppstjóranum að sjá um, að ekkert raskist, fyrr en leitin fer fram; má hann því læsa þeim með innsigli sínu, setja þar vörð og gjöra aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja. Sje glöppur sá, er borinn er á hinn grunaða, mjög þungur, svo sem stórbjófnatur, manndráp, brenna og rán, skal hreppstjórinn, þó hinn grunaði játi það, sem borið er á hann, taka hann fastan til að varna því, að hann strjúki eður, að hann beri sig saman við þá, sem kynnu að vera í vitorði með honum. Samkvæmt 48. gr. stjórnarskrárinnar skal sjerhver sá, sem tekinn er fastur, leiddur fyrir dómara svo fljótt, sem auðið er. Það er því brýn embættisskylda hreppstjórans í hvort sinn, og hann finnur tilefni til að svipta mann frelsi sínu, tafarlaust að flytja hann til sýslumanns, eða ef því verður ekki við komið, að gjöra gangskör til þess, að sýslumaðurinn verði sem fyrst sóttur, rannsaki málið þar á staðnum og gjöri út um það, hvort hinn handsamaði skuli settur í varðhald.

#### 10. gr.

Hreppstjórinn á ekki einungis að gjöra sitt ítrasta til að koma upp um glöppamenn þá, sem verða sekir í hans eigin sveit, en hann á einnig að gjöra það, er í hans valdi stendur, til að skýra glöppamál, sem koma fyrir í öðrum sveitum, og ber honum þegar að tilkynna sýslumanni sínum það, sem hann í þessu tilliti verður áskynja, þó sveitin sje í annari sýslu. Verði honum send lýsing á manni, sem strokið hefur úr varðhaldi eður frá heimili sínu, og er grunaður um glöpp, skal hann halda spurnum fyrir um slíkan mann við kirkju, í kaupstað eður á ferjustað, þar sem margir menn koma saman,

**68** og fá kirkjubónda, kaupmanni eður ferjumanni eptirrit af lýsingunni. Komi maðurinn fyrir, skal hreppstjóri taka hann fastan, ef þess er krafizt, og flytja hann til sýslumanns; en hafi hann eigi fengið skipun frá sýslumanni um að handsama hinn grunaða, verður hann sem fyrst að segja sýslumanni sínum frá verustað hlutaðeiganda og hafa vakandi auga á honum, þangað til honum verður sagt nákvæmar til um það, sem á að gera. Verði hreppstjóra sagt frá, að munum sje stolið, og liggi eigi grunur á neinum vissum manni, á hann sem fyrst að lýsa hinu stolna á næstu bœjum, við kirkju eða ferju, í kaupstað eða annarstaðar, þar sem von getur verið um, að þjófurinn hafi komið með föla sinn.

## 11. gr.

Til að framkvæma það, sem honum verður skipað, eður sem honum að öðru leyti ber að gera í glöpmálum, skal hann, ef nauðsynlegt er, með tilstyrk hreppsþenda beita valdi, en hann verður vel að gæta þess, að það er ekki hann, sem á að refsa glöpmanninum og að hann, með því að beita höggum, barsmið eður öðru ofbeldi, getur bakað sjer ábyrgð eptir 126. og 145. grein hegningarlaganna. Hvernig sem ástatt er, má hann alls eigi beita nokkurri kúgun eður þvingun til að koma þeim, er hann hefir grunaðan um einhvern glöþ, til játningar eður sagna.

## 12. gr.

Til að halda vörð yfir fögum og flytja þá, má hreppstjóri ráða nægilega marga menn fyrir sanngjarna borgun, og mun hann, ef það reynist, að ráðstafanir hans hafa verið nauðsynlegar, eptir því sem þá á stóð, fá kostnað sinn til þessa og annan kostnað sinn og vinnumissi, er meðferð á glöpmálum hefur í för með sjer, endurgoldinn eptir sanngjörnum reikningum.

Fyrir varðhald á fögum skulu hreppstjóra goldnar 2 krónur um vikuna, samkvæmt 72. gr. aukatekjureglugjörðarinnar, nema einhverjar sjerlegar ástæður heimili honum meira kaup.

### III. Framkvæmd á góðri lögreglu og málum, er skylt eiga við hana.

## 13. gr.

Samkvæmt 22. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar á hreppsnefndin að koma í veg fyrir húsgang og flakk og að öðru leyti styðja að því, að lögregla eflist og við haldist í sveitinni, og á hreppstjóri að vera nefndinni samtaka í því.

Verði fyrir honum menn, er flækjast iðjulausir um sveitina, á hann að vísa þeim til heimila sinna, ef þeir eiga heima í hreppnum, eður úr hreppnum til sveita sinna, ef þeir eru utansveitarmenn. Hann á þar að auki að brýna fyrir þeim, að það sje bannað í lögum að ganga við vonarvöl, og að þeir með því að lifa á bónbjörgum, baki sjer refsingu eptir 22. gr. reglugj. 8. janúar 1834. Jafnframt þessu skal hann skora á hreppsnefndina að koma slíkum umhleyppingum fyrir á kostnað sveitarsjóðsins, annaðhvort til stöðugrar framfærslu, ef þeir eru innanhrepps, eður til framfærslu um stundarsakir, þangað til að þeir verði sendir heim til áttþaga sinna.

## 14. gr.

Hreppsnefndin hefir heimild til þess, að vísa hverjum þeim húsmanni, er sezt hefir að í sveitinni án leyfis hennar og ekki er þar sveitlægur, úr sveitinni með missiris fyrirvara til næstu fardaga (sbr. 12. gr. tilsk. 26. maí 1863). Samkvæmt tilsk. 19. febrúar 1783, og 1. gr. tilsk. 26. maí 1863, er hver búlaus maður skyldur að vera í vist, sem eigi annaðhvort hefir 5 hundruð á landsvísu eður meira í árságóða af fasteignum eður öðru

fje, ellegar hefur leyst sig undan vistarskyldu með því að fá sjer leyfisbrjef til lausamennsku hjá sýslumanni. Kvarti hreppsnefndin yfir brotum gegn þessum ákvörðunum, skal hreppstjóri heimta skýrslu af hlutaðeiganda um hagi hans, og reynist það þá, að maður vistskyldur, hafi eigi reynt að útvega sjer vist á síðastliðnum hjúaskildaga, eður að húsmaður hafi eigi fengið leyfi sveitarstjórnarinnar til húsmennsku og sitji í hreppnum þrátt fyrir útvísun hreppsnefndarinnar, skal hreppstjóri semja um það skýrslu, þar sem sagt er frá nafni, heimili, framfærsluhreppi, fæðingarstað og aldri hlutaðeiganda, hve nær hann hafi komið í hreppinn, og hvað hann hafi hafzt þar að, og hverju öðru, er getur haft áhrif á málið; og á að senda sýslumanni þessa skýrslu.

## 15. gr.

Samkvæmt 8. gr. reglugjörðar 8. janúar 1834 á sýslumaður eða bæjarfógeti, eptir að búíð er að ákveða að flytja eigi sveitarómaga heim á hrepp sinn, að skipa fyrir, um, hvernig flutningurinn eigi að fara fram, og er hreppstjóri skyldur, þegar ómagi er fluttur til hans með vegabrjefi einhvers sýslu- eða kaupstaðar-yfirvalds að ráðstafa flutningi ómagans samkvæmt vegabrjefinu til næsta hreppstjóra, eða ef ómaginn á heima þar í hreppi, til oddvita hreppsnefndarinnar. Þegar flutningurinn er um garð genginn, sendir hann sýslumanni skýrslu um hann með reikningi yfir kostnaðinn, og mun sýslumaður sjá um, að kostnaður þessi verði honum endurgoldinn samkvæmt opnu brjefi 17. apríl 1868.

## 16. gr.

Fyrir utan löggilt kaптún má alls ekki selja brennivín nje aðra áfenga drykki. Að öðru leyti eiga þeir, sem vilja verzla, að leysa borgarabrjef eða leyfisbrjef til þess hjá sýslumanni, og eru um það ítarlegar ákvarðanir í lögnum um siglingar og verzlun frá 7. nóvbr. 1879 (stjórnartíð A 28).

Hreppstjóra ber að kynna sjer nákvæmlega þessi lög og aðrar ákvarðanir um verzlun, og verði hann þess vís, að vinsala eða önnur ólögleg verzlun hafi átt sjer stað í sveitinni, ber honum að senda sýslumanni ítarlega skýrslu um það.

Samkvæmt lögum 14. desbr. 1877 (stjórnartíð A 29) skulu að viðlögðum 5—50 kr. sektum allir kaupmenn og kaupfjelög, er reka verzlun hjer á landi selja eptir vigt kornvöru alla og kol, nema kaupandi æski mælis.

## 17. gr.

Sá, sem býr til eður notar röng eður fölsuð mælinga- eður vogaráhöld, sætir hegningu eptir fyrri hluta 279. greinar hegningarlaganna, og í síðari hluta hinnar sömu greinar er ákveðin hegning fyrir þá, sem þurfa á mælingar- og vogaráhöldum að halda í atvinnuvegi sínum, en nota áhöld, sem ekki hafa verið löggilt á rjettan hátt, eður hafa breyzt af sliti, þó þau hafi ekki verið fölsuð eða röng; en í tilskipun 18. júní 1784 er skipað fyrir, að löggilding á áhöldum þeim, sem ætlað er, að nota skuli við verzlun hjer á landi, geti eigi farið fram annarstaðar en í Kaupmannahöfn, þar í móti mega sýslumenn löggilda mælingar og vogaráhöld þau, sem aðrir en kaupmenn nota sín í milli.

Hreppstjóri á að hafa tilsjón með, að þessum ákvörðunum sje hlýtt, einkum verður hann, ef verzlunarstaður er í sveit hans, að hafa nákvæmar gætur á því, að kaupmenn noti ekki aðra kvarða, mæla eður vogir en þær, sem löggiltar eru af löggildingarstofunni í Kaupmannahöfn, og skipar sýslumaður nákvæmar fyrir um, hvernig haga skuli þessari tilsjón, sbr. dómsmálastjórnarbr. 10. marz 1849 og tilsk. 1. desbr. 1865 um hina almennu verzlunarvog.

68  
29. apríl

18. gr.

Um helgidagabrot er meðal annars skipað fyrir í tilsk. frá 28. marz 1855 og opnu brjefi frá 26. septbr. 1860, og skulu hjer teknar fram þessar ákvarðanir:

a, Daginn fyrir sunnudaga og helgidaga má ekki halda neina dansleiki og engar almennar skemmtanir lengur en í mesta lagi þangað til 1 stundu fyrir miðnætti (9. grein tilsk. 28. marz 1855).

b, Á sunnudögum og öllum öðrum helgidögum má einkum um messutímann, enginn maður starfa að utanbæjarvinnu, eður vinna þá vinnu neina, sem svo mikill skarkali fylgir, að það trufla aðra í guðrökilegum hugleiðingum þeirra, eigi heldur mega almennar eða hávaðamiklar skemmtanir fara fram á þeim dögum.

Þar í mót er það leyfilegt að stunda nauðsynleg heimilisstörf, eður þau störf, sem menn við þurfa, sjer eða öðrum til bjargar.

Um heyskapartímann má á helgidögum þurrka hey og hirða það, þegar ekki má draga þenna starfa vegna veðurs, eður af öðrum slíkum ástæðum. Í fiskileysisárum, eða þegar brim og fiskileysi lengi hafa hamlað sjósóknum, má róa til fiskjar, eður leggja net eða lóðir á sunnudögum og helgidögum. Mala má og í mylnum á þessum dögum. Fiskimönnum er heimilt að bjarga veiðiskap sínum og veiðitólum; farmönnum, er í neyð hafa leitað til hafnar, skal leyft að ferma og afferma og bæta skip sín; og önnur skip má einnig ferma og afferma á þessum dögum, þegar svo stendur á að nota verður til þess gott veður og hagstæðan vind. Þó má, nema bryn nauðsyn beri til, eigi vinna neina af þessum athöfnum, meðan á sjálfri messunni stendur á staðnum (1.—8. gr. tilsk. 28. marz 1855, og op. br. 26. septbr. 1860).

Í dymbilviku og á hinum almenna bænadegi og kvöldin fyrir frá miðapti má ekki halda neina dansleiki og engar almennar skemmtanir (9. gr. tilsk. 28. marz 1855).

Enginn má koma með hund til kirkju.

Samkvæmt 6. gr. laga 27. febr. 1880 (stj.tíð. A 5) skal sóknarnefnd vera prestinum til aðstoðar í því að viðhalda og efla góða reglu og siðsemi í söfnuðinum. Hreppstjórinn á með presti og sóknarnefnd að styðja að þessu, sjer í lagi má hann ekki láta viðgangast neitt drykkjuslark, neinar ryskingar eður neinn hávaða við kirkju, en í kirkjunni á hann að aðstoða prestinn og meðhjálpara hans til að afstýra slíkum ósóma. Skyldu menn koma ölvaðir til kirkju, á hann að meina slíkum mönnum inngöngu í guðshús og beita valdi, ef nauðsynlegt er, og gefa skýrslu um það til sýslumanns, svo hlutaðeigöndum verði refsað samkvæmt konungsbrjefi frá 26. júní 1782 og 158. gr. hegningarlaganna.

Að aflokinni messu ber hreppstjóra samkvæmt 2. gr. laga 24. ágúst 1877 (stj.tíð. A 11) að lesa upp lög þau og tilskipanir, er honum hafa verið sendar.

19. gr.

Samkvæmt opnum brjefum frá 4. maí 1778 og frá 2. apríl 1853 á landssjóður allt vogrek, er enginn lýsir sig eiganda að, af skipum og vörum, svo sem skipsskrokka, skipsbáta, akkeri, kaðla, siglutrje og önnur skipáhöld, heilar tunnur og allar aðrar vörur, sem verið hafa í skipum, þar á móti á jarðeigandi allt eigandalaust vogrek af eik, greni, eða furu, svo sem högginn og sagaðan við, trje, borð, og lítil stykki af skipum og bátum, sem eru lítills virði (30 kr. og þaðan af minna, sbr. kansallibrjef 26. ágúst 1809) ásamt nøglum þeim og öðru járni, er þeim fylgja. Nú kemur vogrek á fjöru manna og skal jarðeigandi skyldur hið bráðasta að lýsa nákvæmlega stærð þess, ásigkomulagiog merkjum, ef nokkur eru fyrir sýslumanni, er þá skal láta tvo eiðsvarna menn virða vogrek.

Hreppstjóra ber að brýna þetta fyrir hlutaðeigendum og senda sýslumanni skýrslu um málið, ef jarðeigandi vanrækir skyldu sína í þessu tilliti.

68  
29. apríl

## 20. gr.

Eptir veiðilögum frá 20. júní 1849 á hver jarðeigandi einn veiði fugla annara en æðarfugla, og annara dýra en refa, bjarndýra og hreina í landeign sinni, nema slík veiði sje með lögum frá jörðinni komin, eður sýslumaður hafi friðhelgað nokkurn stað í landinu. Skal hreppstjóri með ráði sýslumanns leiðbeina bændum til að friða veiði sína sjer í lagi um þann tíma árs, er fuglar eru að verpa og ungar þeirra eigi orðnir fleygir.

Enginn má nokkursstaðar á sjó eða landi drepa æðarfugl með skotum, eður hundum, eður netum, eður nokkrum öðrum hætti.

Frá aprílmánaðarlokum til 1. dags ágústmánaðar má enginn leggja hrognkelsanet eður önnur veiðinet nær eggveri æðarfugla eður öðru friðhelgu eggveri, en að 200 faðma tólfröð sjeu þangað á báðar hliðar og á sjó út frá grynnra hálsi netanna að stórstraums fjörumáli. Enginn má, nema nauðsyn beri til, skjóta úr fallbyssu nær friðhelgu eggveri en í ½ mílu fjarlægð, nje úr annari byssu nær en fjórðung úr mílu; þó eru herskipaskot í konungsþjónustu undan skilin banni þessu.

Enginn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða vikum, þar sem látur eru eða lagnir nær en hálfu mílu frá látrum eða lögnum. Á Breiðafirði eru með opnu brjefi 22. marz 1855 öll byssuskot á allskonar sel bönnuð.

Nú verður hreppstjóri þess áskynja, að brotið hafi verið móti þessum ákvörðunum, og skal hann þá undireins skýra sýslumanni frá brotinu og nöfnum og heimilum þeirra, sem grunaðir eru.

Sje gjörð samþykkt um fiskiveiðar á opnum skipum úr sveitinni, ber hreppstjóra að kynna sjer nákvæmlega þessa samþykkt, og ef brotið verður gegn henni hlutast til um, að hlutaðeigendur verði fyrir þeim 1—100 kr. sektum, er ákveðnar eru í 7. gr. laga 14. desbr. 1877 (stjtið. A 28). Í sveitunum við Faxaflóa eiga hreppstjórar að sjá um, að þorskanet verði ekki lögð fyrir 14. dag marzmán. á ári hverju (sjá lög 12. nóvbr. 1875).

Í sveitum þeim, þar sem laxveiði er, skulu hreppstjórar gæta þess, að fyrirmælum viðaukalaga frá 11. maí 1876 við Jónsbókar landsleigubálks 56. kap. um friðun á laxi sje hlýtt, og sendir hann sýslumanni skýrslu um það, ef hann verður vís, að nokkurt brot gegn tjeðum lögum hafi átt sjer stað.

## 21. gr.

Í konungsbrjefi 28. febrúar 1758 er skipað fyrir um fiskiveiðar, að hásetar eigi að koma að skipi á þeim tíma, sem þeir eru kallaðir af formanni, að þeir eigi að sitja á sjó, svo lengi sem formaðurinn mælir fyrir, að þeir eigi að haga veiði sinni eptir skipun formannsins, og að þeir, þegar ekki gefur að róa, eigi eptir skipun formannsins að bæta sjóklæði sín, að líta eptir veiðarförum, og að verka veiði sína; en formenn eru skyldir að sækja vel sjó, þegar veður og vindur leyfir, og að sjá um með tilstyrk hásetanna, að skipinu með árum og þeim áhöldum, er fylgja því, verði haldið vel við. Ef leitað er til hreppstjóra með kvartanir um brot gegn þessum og öðrum fyrirskipunum, á hann að reyna að koma með góðu hlutaðeigandi formönnum eður hásetum til að gæta skyldu sinnar, en takist það ekki, verður hann að leiðbeina þeim, sem orðið hefir fyrir lagabrotinu, til sýslumanns, svo að hinum seka verði refsað á tilhlýðilegan hátt.

## 22. gr.

Tilskipun frá 26. janúar 1866 mælir fyrir um skyldur og rjettindi húsbönda og

**68** vinnuhjúa, og á hreppstjórinn að kynna sjer þessa tilskipun sem bezt. Eptir 14.—16. grein tilskipunarinnar skal hjúid vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndin setur á heimilinu, og vera honum auðsveipið. Það skal af ítrasta megni stunda gagn húsbónda síns og ganga til allra verka þeirra, er því verður skipað, nema einhver sjerstakur óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eptir fremstu kröptum, en húsbóndi skal, eptir því sem venja er til í hverri sveit, veita hjúinu viðunanlegt og nægilegt fæði, næga þjónustu, og leggja því rúmfatnað og skæðaskinn auk umsamins kaups. Ef kært er fyrir hreppstjóra, annaðhvort af hjúi eða húsbónda, að brotið hafi verið gegn fyrirmælum þessarar tilskipunar, á hann að reyna til að koma hinum seka til með góðu að gera skyldu sína, og bæta fyrir yfirsjón sína; en takist honum það ekki, verður hann að beina sökjanda leið til sýslumanns.

## 23. gr.

Hreppstjóri hefir samkvæmt nánari fyrirmælum sýslumanns umsjón yfir fjallvegum og sýsluvegum, ferjum, brúm, vörðum, sæluhúsum, sjáfarljóskerum og öðrum merkjum eða miðum, sem sett eru upp farmönnum til leiðbeiningar.

Verði hann þess áskynja, að slík merki hafi verið tekin burt eða skemmd eða villumerki sett upp, ber honum að sjá um, að gert verði sem fyrst við hin rjettu merki, en að villuvörðurnar verði rifnar og önnur villumerki tekin niður, og er hreppsnefndin skyld að aðstoða hann í þessu. Þar að auki ber honum að grenslast eptir, hverjir hafi orðið sekir í slíkum afbrotum, og senda sýslumanni skýrslu um það og aðrar aðgjörðir sínar.

## 24. gr.

Hafi reglugjörð um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, ráðstafanir til þess að eyða refum o. fl. verið samin, samkv. 39. gr. 2. tilskipunar um sveitarstjórn frá 4. maí 1872, ber hreppstjóra að kynna sjer nákvæmlega reglugjörð þessa, og veita hreppsnefndinni alla þá aðstoð, er hann getur í tje látið til þess að framkvæma það, sem fyrirskipað hefir verið.

## 25. gr.

Á almennum mannfundum í sveitinni, þar sem sýslumaður ekki er viðstaddur, skal hreppstjóri sjá um, að allt fari vel og skipulega fram, og er honum samkvæmt 56. gr. stjórnarskrárinnar og nákvæmari leiðbeiningu sýslumanns heimilt að vera við alla slíka fundi. Þegar uggvænt þykir, að óspektir muni leiða af almennum mannfundi, getur sýslumaður bannað slíkan fund, og ber hreppstjóra að fylgja fram slíku banni; en ekki má hann beita valdi í þessu tilliti, fyrr en hann er búinn þrisvar sinnum í nafni konungs og laganna að skora á mannfundinn að sundrast. Hverjum, sem þá ekki hlýðnast þessari skipun, skal refsað með sektum eða fangelsi samkvæmt 105. grein hegningarlaga og að nánari ráðstöfun sýslumanns.

## 26. gr.

Eins og hreppsnefndin á að hvetja menn til að setja ekki fleiri skepnur á vetur, en þeir hafa nægilegt fóður fyrir, og einkum sjá um, að þeir, er þiggja af sveit, gjöri sig ekki seka í slíku fyrirhyggjuleysi, þannig á hreppstjóri að hafa vakandi auga á, að enginn felli skepnur úr hor, ef hann á fóður handa þeim, eða getur fengið það hjá öðrum, og að enginn fari illa með skepnur, eða sýni þeim miskunarlausu harðýðgi. Verði hann áskynja um þesskonar brot, á hann að senda sýslumanni um það skýrslu sína, sbr. 299. gr. hegningarlaga.

## 27. gr.

Samkvæmt tilsk. um hundahald 25. júní 1869 skal hver húsbóndi skýra frá því á hreppaskilabingum á vorin, hve margir hundar sjeu á heimili hans, en hreppstjóri skal með allt að 4 kosnum mönnum ákveða, hve marga hunda þurfi á hverju heimili til þess að hirða skepnur og verja tún og engjar. Fyrir hvern hund, sem haldinn er fram yfir hina ákveðnu tölu, skal gjalda 4 krónur, en ef undanbrögð eru höfð eða nokkur hundur er haldinn, sem ekki er sagt til, varðar það fjesekt. Hreppstjóra ber að heimta saman gjald þetta, fær hann helming í innheimtulaun, en helmingurinn greiðist í sveitarsjóð.

Hreppstjóri skal brýna fyrir almenningi, að sulli úr hausum af höfuðsóttar kindum og sollið slátur skuli brenna, eða grafa svo djúpt í jörð, að hundar ekki geti náð því. Hann á að hafa vakandi auga á, að þessum og öðrum ákvörðunum nefndrar tilskipunar sje nákvæmlega hlýtt, en beri út af því, ber honum að senda sýslumanni um það skýrslu sína.

## 28. gr.

Komist hreppstjóri eptir því, að tjón hafi hlotizt af ólöglegum lækningum, eður að lífi og heilsu manna hafi verið hætta búin, á hann að senda sýslumanni skýrslu um það, svo að hlutaðeigöndum verði refsað samkvæmt tilsk. 4. desbr. 1672 og 5. septbr. 1794. Komi upp skæðar og næmar sóttir í hreppnum, skal hann sem fyrst gefa það sýslumanni og hjeráðslækni til kynna, og á hann síðan að haga sjer nákvæmlega eptir fyrirmælum þeirra um varúðarreglu gegn slíkum sjúkdómum, en þangað til þessi fyrirmæli koma, á hann eptir samkomulagi við sóknarprestinn og hina helztu bændur að gjöra allt, sem í hans valdi stendur, til að varna samgöngum milli þess heimilis, þar sem sjúkdómurinn er kominn upp, og annara heimila.

Svo ber hreppstjóra og að vera hreppsnefndinni samtaka í eptirliti með öllu því, sem til almenns þrífnaðar og hreinlætis horfir, svo sem að fær og þokkaleg heimreið sje að bæ hverjum, að salerni og byrgðar forir sjeu á hverjum bæ, helzt á afviknum stöðum, og að íbúðarhús og fjenaðarhús sjeu nægilega björt og rúmgóð.

Verði gefin út heilbrigðisreglugjörð samkvæmt 15. gr. tilsk. um sveitarstjórn 4. maí 1872, ber hreppstjóra nákvæmlega að kynna sjer hana og styðja að því, að henni verði fylgt fram.

Verði samkvæmt sóttvarnarlögum frá 17. desbr. 1875 og 24. okt. 1879 (stjttíð. A. 25.) bannaðir vöruflutningar frá einstökum löndum, eða skipaferðir þaðan þundnar tilteknum skilyrðum, skal hreppstjóri sjá um, að slíkum ákvörðunum verði fylgt fram.

## 29. gr.

Hann á samkvæmt tilsk. 5. jan. 1866 um næm fjárveikindi að gefa gætur að heilbrigðisástandi kvikfjárins í hreppnum, og á hann eptir samráði við hreppsnefndina svo opt sem nauðsynlegt þykir, einkum á haustin, þá er fje kemur af afrjett og á vorin fyrri hluta aprílmánaðar að láta tilkvadda menn skoða allt fje í hreppnum.

Verði vart næmra fjárveikinda í hreppnum, skal hreppstjóri sjá um, að hið sjúka fje verði þegar í stað stranglega skilið frá heilbrigðu fje, og að það verði annaðhvort þegar látið í hús, er engar aðrar skepnur geti komið í, eður að minnsta kosti látið liggja inni á hverri nóttu, og á hverjum degi hirt af manni, er stöðugt fylgir því, svo á hreppstjóri einnig að hlutast til um, að skepnurnar og fje það, sem ætla má að hafi komið saman við þær, verði sem fyrst teknar til lækninga. Eptir að lækningar eða skurð-

Hinn 29. apríl 1880.

**OS** 29. apríl. ur (tilsk. 4. marz 1871) er um garð genginn, skal hreinsa og svæla hús þau, þar sem hinar sjúku eða grunuðu skepnur hafa verið.

Um allt það, sem þannig á að gjöra til að varna útbreiðslu næmra fjárveikinda, sem komið hafa upp í hreppnum, skipar hreppstjóri fyrir með ráði aðstoðarmanna sinna, ef slíkir eru skipaðir samkvæmt tilsk. 5. jan. 1866, en annars með ráði hreppsnefndar-oddvitans og annara góðra manna í hreppnum, en við fyrsta tækifæri sendir hann sýslumanni skýrslu um veikindin og hinar gjörðu ráðstafanir og hagar hann sjer síðan nákvæmlega eptir fyrirskipunum sýslumanns. Ef viðkomandi fjáreigandi sýnir mótþróa eður óhlýðni gegn fyrirskipunum hreppstjóra eður aðstoðarmanna hans, má, ef nauðsynlegt þykir, með valdi taka af honum kindur þær, sem veikar eru eður grunaðar, og láta lækna og hirða þær á kostnað eigandans, og á hann þar að auki að sjá um, að fjáreigandinn verði lögsóttur til sekta samkvæmt 7. gr. tilsk. 5. janúar 1866.

Að öðru leyti vísast til fyrirmælanna í tilskipunum frá 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 og varðar það hreppstjóra eður aðstoðarmenn hans ábyrgð eptir 5. grein tilsk. 5. janúar 1866, ef þeir sýna nokkurt hirðuleysi eður vanrækt á skyldum sínum.

Um tilsjón með, að næmur fjársjúkdómur flytjist eigi til landsins frá útlöndum, vísast til umburðarbrjefs landshöfðingja frá 14. apríl 1875 (stjtið. B. 27).

### 30. gr.

Í tilskipun 13. maí 1776 er fyrirskipað:

1. að um alla bæi og tún skuli byggjast 2 álna háir garðar,
2. að sjerhver bóndi sem hefir þýft tún skuli árlega sljetta og jafna 6 ferhyrningsfaðma fyrir sjálfan sig og eins mikið fyrir hvern vinnuféran karlmann, sem hann hefir til verknaðar,
3. að bøndur láti sjer aunt um að yrkja jarðepli, næpur og kál.

Hreppstjóra ber eptir samráði við hreppsnefndina að leitast við að fá þessum fyrirskipunum fylgt fram, og ef einstakir búændur skeyta ekki um fyrirmæli hreppsnefndarinnar og hreppstjórans í þessu tilliti, kæra þá fyrir sýslumanni til sekta og annara fjárútláta.

Enn fremur ber hreppstjóra eptir samráði við hreppsnefndina að hafa eptirlit með meðferð á skógi, kvisti, mótaki, lyngi og meltaki.

### 31. gr.

Skyldur þær, er hreppstjórar áður höfðu samkvæmt 15. gr. reglugj. 17. júlí 1782 með tilliti til hleðslu og viðhalds á kirkjugörðum, kirkjuveggjum og kirkjubökum og til flutnings á við og öðru efni í kirkjur og kirkjugarða, hvíla nú á hreppsnefndum, en hreppstjórum ber að vera nefndum þessum samtaka um, að slík verk verði leyst sem fljótast og bezt af hendi.

### 32. gr.

Samkvæmt lögum frá 14. jan. 1876 (stjtið. A. 3.) sbr. landshöfðingjabrjef 28. júnímán. s. á. (stjórnartíð. 1876 B. 73.) um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, má enginn á sjálfs síns eða annara kostnað takast á hendur að annast um flutning útfara í aðrar heimsálfur, nema hann hafi fengið sjerstaklegt leyfi landshöfðingja eða lögreglustjóra til þess. Sömu-leiðis eru öll skip að hinu konunglega póstgufuskipi einu undanteknu, er fluttir eru á útfarar frá höfnum á Íslandi, háð umsjón lögreglustjórnarinnar, og má eigi taka útfara á skip, fyrr en lögreglustjóri á þeim stað, er skipið leggur út frá, hefir gefið skriflegt leyfi til þess.

Verði hreppstjóri þess áskynja, að brotið hafi verið gegn þessum ákvörðunum, **68**  
ber honum þegar að senda sýslumanni skýrslu sína um það. 29. apríl.

33. gr.

Beri skipstrand, eldsvoða, sjávarflóð eður annan voða að höndum, skal hreppstjóri ganga á undan öðrum í því, að bjarga mönnum og fjármunum úr háskanum, að útvega hinum nauðstöddu húsnæði, og að geyma og varðveita fje það, sem bjargað verður, og á hann sem fyrst að gefa sýslumanni skýrslu um aðgjörðir sínar. Skyldir eru allir verkferir alþýðumenn að vinna að björgun, þegar hreppstjóri eða lögreglustjóri kveður þá til þess. Hreppstjóri er skyldur til að gjöra fyrir hönd lögreglustjóra allar þær ráðstafanir, sem kostur er á, þangað til lögreglustjóri eða umboðsmaður hans kemur til, sbr. lög um skipströnd 14. jan. 1876 (stjtið. A. 2.). Þá er hallæri og óár ganga, á hann að leggjast á eitt með hreppsnefndinni og prestinum, til að reyna að afstýra þeim sveitar vandræðum, sem af slíku ástandi kynnu að leiða.

Verði einstakir menn fyrir slysförum, drukni þeir eða verði úti, eða fyrirfari þeir sjálfum sjer, á hreppstjóri að leita nákvæmrar skýrslu um, hvernig slíkt hafi að borið, hvort manni þeim, sem varð úti, hafi verið út hýst eða sagt rangt til vegar, eða hvort nokkur hafi vanrækt að koma þeim, er varð fyrir slysinu, til hjálpar, eður að við hafa þær lífgunartilraunir, sem við eiga. Um allt það, er hreppstjóra þannig verður kunnugt, sendi hann sýslumanni skýrslu sína og segi þá um leið álit sitt um það, hvort ástæða sje til að lögsoekja nokkurn eptir 199. og 201. grein hegningarlaganna.

Í skýrslu hreppstjóra um sjálfsbana á einkum að skýra frá þessum atriðum:

- 1., kyni sjálfsbanans, öllum nöfnum hans, og hvers son eður dóttir sjálfsbani hafi verið;
- 2., heimili, atvinnuvegi og efnahagi sjálfsbana;
- 3., aldri sjálfsbana (fæðingardegi og ári, ef það er kunnugt);
- 4., hvort sjálfsbani hafi lifað í hjónabandi og átt börn;
- 5., hvort sjálfsbani hafi verið kristinnar trúar;
- 6., hvar og hve nær (dag og klukkutíma) sjálfsbani hafi fundizt dauður;
- 7., með hverju móti hann hafi ráðið sjer bana;
- 8., hvort lífgunartilraunir hafi verið við hafðar, og þær byrjaðar undir eins og sjálfsbani fanst; eða hvort nokkur hafi orðið sekur samkv. 201 gr. hegningarlaganna um hirðuleysi í þessu tilliti;
- 9., hvað menn ætli, að hafi komið sjálfsbana til að fyrirfara sjer sjálfum;
- 10., hvort sjálfsbani hafi verið hneigður fyrir ofnautn áfengra drykkja, og hve nær hann síðast hafi sjezt ölvaður.

#### IV. Meðferð á rjettargjörðum þeim í málum einstakra manna, sem hreppstjóri má eður skal framkvæma.

34. gr.

Stefnufarir.

Eptir 63. gr. aukatekjureglugjörðarinnar 10. sept. 1830 á hreppstjórinn jafnan að vera annar stefnuvotturinn í þeim hrepp, sem hann er búsettur í. Stefnuvotta skal dómari hjeraðsins skipa á manntalsþingi eður á öðru þingi í hreppnum, sem almenningur á sókn að, og skulu þeir þar heita því með eiði, að þeir með alúð og ráðvendni skuli framkvæma skyldur sínar samkvæmt fyrirmælum laganna. Stefnuvottur má eigi birta stefnu í sjálfs síns sök. Stefnu eður annað fyrirkall skal birta af tveimur stefnuvottum á heimili þess, er stefnu skal hlýða, meðan sól er á lopti á sumrum, en dagur á vetrum.

68  
29. apríl.

Sje eigi sá, er fyrirkallið á að birta fyrir, sjálfur viðstaddur á heimili sínu, má birta stefnuna fyrir þeim heimilismönnum hins stefnda, er stefnuvottarnir finna á heimilinu, og skal þá leggja fyrir þessa menn að láta hlutaðeiganda vita af stefnunni sem fyrst, og eiga stefnuvottar, um leið og þeir birta stefnuna, annaðhvort að fá þeim, er birtingin fer fram fyrir, eptirrit af stefnunni, eður að lofa þeim sjálfum að taka slíkt eptirrit. Stefnuvottarnir eiga þar eptir að rita á fyrirkallið, á hvaða degi og hvar það sje birt, og nafn hvers þess manns, er birtingin fór fram fyrir; ber þeim að votta með skírskotun til eidda þeirra, sem þeir hafa unnið, að birtingin hafi farið fram eins og sagt er; og eiga þeir að staðfesta þetta vottorð sitt með undirrituðum nöfnum sínum og innsiglium. Auk stefnu og fyrirkalla eru stefnuvottar skyldir, þegar þess er krafizt, að birta dóma, aðrar rjettargjörðir, áskoranir, yfirlýsingar, uppsagnir á lánum, útbyggingar á jörðum og önnur þvílík erindi. Slíkar birtingar mega með samþykki hlutaðeiganda fara fram annarsstaðar en á heimili hans. Sje það dómur í opinberu máli, sem birta á, skulu stefnuvottar spyrja hlutaðeiganda, hvort hann vilji una við hinn uppkveðna dóm eða óski honum skotið til æðra dóms, og ber að rita svar hans um það í birtingaráteiknunina.

### 35. gr.

#### Fógetagjörðir.

Að boði sýslumanns eður amtmanns ber hreppstjóra að taka lögtaki ýms gjöld, sem fjárnámsrjettur fylgir, þó eigi hafi gengið dómur um þau.

Fyr en nokkurt slíkt lögtak getur átt sjer stað, á hreppstjóri að gæta þess, að lögtaksskipun sje gefin út af amtmani eða sýslumanni, og birt þeim, er fyrir fjárnáminu eiga að verða. Á þessi birting að fara fram að minnsta kosti 8 dögum fyrir lögtakið, annaðhvort með auglýsingu á kirkjufundi ellegar með birtingu fyrir sjerhverjum gjaldþegni af stefnuvottum. Hreppstjóri skal taka við gjaldinu, sem hlutaðeigandi er í skuld um, ef það er boðið honum í reiðum peningum, og þar að auki er fram boðinn kostnaður sá, sem birting á lögtaksskipuninni hefir haft í för með sjer. Komi ekki slíkt framboð fram innan 8 daga eptir birtinguna, á hreppstjóri að kveðja 2 góða menn í hreppnum til að vera votta við fjárnámið.

Með þessum mönnum gengur hann á heimili viðkomandi skuldunauts, sýnir þar skuldunauti eður því af heimilisfólki hans, sem viðstatt er á heimilinu, lögtaksskipunina og vottorð um að birting sú, er að framan er getið, hafi átt sjer stað, og krefur þar eptir skuldunautinn um skuldina að viðbœttum gjöldum fyrir fyrirkallið og lögtaksgjörðina sjálfa. Verði þetta fje allt greitt af hendi, er fjárnámsgjörðinni þar með lokið; en segist sá, sem krafinn var, ekki vilja eður ekki megna að gjalda það, er hann er um krafinn, skal hreppstjóri rita ummæli hans um það, og þar eptir, ef það eigi þegar er honum ljóst og vottunum, að skuldunautur sje ólöglega krafinn um gjaldið, fremja fjárnámsgjörðina með því að rita upp og virða þær eigur skuldunauts, sem skuldunautur sjálfur eður sá, sem heldur uppi svörum fyrir hann, bendir á, og honum og vottunum kemur saman um, að nægja muni fyrir gjaldinu. Þó má ekki rita upp nauðsynleg íveruföt og rúmföt skuldunauts og ómaga hans, og ekki matvæli þau, er ætluð eru nauðsynleg til nautnar á heimilinu, þangað til skuldunautur getur leitað sjer bjargar annarsstaðar, eigi heldur nauðsynleg verkfæri og áhöld, er skuldunautur þarf að leita sjer atvinnu með, ef aðrar eigur eru til. Það sem þannig er ritað og virt, segir hreppstjóri þar eptir löglega tekið til fullnustu skuldarupphæð þeirri, sem krafinn var með síðar áfallandi kostnaði, og tekur hann það þegar í vörzlu sínar, ef skuldunautur eigi býðst til

að varðveita það, þangað til það verður selt, eður ef honum ekki má fyrir því trúa. Skuldunautur hefir þar eptir 14 daga frest til að leysa hina skrifuðu muni úr lögtafinu, en þá á hann, ef fjeð hefir eigi verið í vörzlum hans sjálfs, auk upphæðar þeirrar, sem fjeð var lögtekið fyrir, að greiða kostnað hreppstjórans fyrir varðveizlu hins lögtekna fjár. Verði fjeð ekki leyst innan 14 daga, á hreppstjóri að auglýsa, að hið lögtekna verði selt á almennu uppboðsþingi, og þar eptir halda þetta uppboð, eins og síðar mun verða frá skýrt. Hlaupi hið selda fje meira, en það var lögtekið fyrir með uppboðskostnaði, og öðrum eptir fjárnámið áföllnum kostnaði, á það, sem afgangs verður, að endurgjaldast skuldunauti. Að öðru leyti skal vísað til ákvarðana í opnu brjefi frá 2. apríl 1841.

Verði hreppstjóri skipaður til að framkvæma í umboði sýslumanns aðrar fógeta-gjörðir en fjárnám fyrir gjöldum þeim, er fjárnámsrjettur fylgir að lögum, á hann að haga sjer eptir því, sem sýslumaður í hvert skipti sjerstaklega mælir fyrir.

Hinar framkvæmdu fógeta-gjörðir skal hreppstjóri skrásetja og staðfesta með nafni sínu og innsigli, og senda síðan sýslumanni eptir að þær þar að auki hafa verið staðfestar með undirrituðum nöfnum viðstaddra votta, og þeirra sem hlut eiga að máli.

36. gr.

Skiptagjörðir.

Þegar maður deyr, eiga samkvæmt 1. gr. laga 12. apríl 1878 (stjtið. A. 3.) náungar hans eða heimilismenn að viðlagðri allt að 100 kr. sekt tafarlaust að tilkynna það skiptaráðanda eða hreppstjóra, en hann gefur ókeypis vottorð um tilkynninguna, og má prestur eigi jarða hinn framliðna, fyr en honum hefir verið sýnt þetta vottorð. Hafi mannlátið verið tilkynnt hreppstjóra, skal hann þegar skýra sýslumanninum frá því, og undir eins gefa honum svo nákvæma skýrslu, sem unnt er, um efnahag hins dána, og hverjir erfingjar hans sjeu.

Eptir skipun skiptaráðanda eða þegar svo stendur á, að annaðhvort ekkja hins framliðna eða ekkjumaður eða myndugir erfingjar óska þess, að búíð sje strax uppskrifað, án þess að bíða fyrirmæla sýslumannsins, eða að einhver erfinginn er ómyndugur eða fjærverandi og hinn framliðni hefir eigi látið eptir sig ekkju eða ekkil, sem má halda búinu óskiptu (sbr. 99. gr. laga 12. apríl 1878 og 18. gr. tilskipunar 25. septbr. 1850), á hreppstjóri að skrifa dánarbúíð upp og virða það.

Þegar hreppstjóri framkvæmir virðingar- og uppskriptargjörðir, kveður hann 2 góða menn til að vera viðstadda sem votta, er virða skulu eignir búsinns og leggja eið við. Með vottum þessum gengur hann á síðasta heimili hins framliðna, og skorar á þá, sem þar eru viðstaddir, að selja fram allar eigur hins látna, um leið og hann brýnir fyrir þeim, að þeir með því að skjóta nokkru undan eða draga dulur á kröfur þær, sem hinn framliðni átti hjá öðrum, geti bakað sjer þunga ábyrgð, og jafnvel geti sætt refsingu eptir 254. gr. hegningarlaga. Hann ritar þar eptir upp hvern einstakan hlut af fjármunum þeim, sem sagt er til, og virðir hann með vottunum til þess verðs, sem þeir ætla, að hann muni geta selzt í hreppnum. Skyldi hinn framliðni láta eptir sig arfleidsluskrá, skuldabryf eður önnur slík skjöl, á hreppstjóri eptir að hafa sagt í uppskriptinni frá innihaldi þeirra, að taka þau til sín, eins ritar hann upp þá upphæð, sem fyrir finnst af reidum peningum, og tekur þá í sínar vörzlur, en aðrar eigur búsinns má hann fela á hendur heimilismönnum, ef þeim er trúandi fyrir. Hafi hinn framliðni haft nokkurt bú á höndum, og vilji heimilisfólk hans ekki sjá fyrir því án sjerstaks endurgjalds, má hreppstjóri ráða mann til að standa fyrir búinu. Öll þau skjöl og peninga, er hreppstjóri tek-

**68** ur til geymslu, ber honum tafarlaust að senda skiptaráðanda. Við lok uppskriptarinnar  
29. apríl. skal hreppstjóri fá tillögur erfingja um ráðstafanir þær á búinu, er eigi má fresta.

Allt það, er þannig fer fram, skrifar hreppstjóri nákvæmlega upp. Nöfn erfingja og heimili skulu ávallt rituð með fullum stöfum, og sje gipt kona erfingi, skal eins rita nafn og heimili manns hennar. Um þá, sem börnir eru til arfs, skal um leið skýrt frá skyldleika þeirra og hins látna. Aldur erfingja þeirra, sem yngri eru en 25 ára sje tilgreindur. Sem fyrst eptir að gjörðinni er lokið og staðfest með undirrituðum nöfnum þeirra, er viðstaddir hafa verið, skal senda sýslumanni, sem er skiptaráðandi, eptirrit eptir henni.

37. gr.

#### Uppboðsgjörðir.

Samkvæmt 1. gr. tilskipunarinnar frá 19. desbr. 1693, má enginn halda uppboð, er almenningur hefir aðgang að, annar en sýslumaður eður umboðsmaður hans. Verði hreppstjóra falið á hendur að halda þess konar uppboð, sem um er rætt í 71. gr. aukatekjureglugjörðar 10. septbr. 1830 og ráðgjafabryfi 19. oktbr. 1878 (stjtið. B. 167.) á hann, eins og sagt er um fógetagjörðir og skiptagjörðir, að kveðja 2 menn til að vera votta og aðstoðarmenn við uppboðsgjörðina. Sje honum eigi fengin skrá yfir fjármuni þá, sem á að bjóða upp, skal hann með aðstoðarmönnum sínum semja slíka skrá, fyrr en uppboðið fer fram. Uppboðsauglýsingar þær, sem sýslumaðurinn sendir hreppstjóra, á hann að sjá um að verði birtar á sem haganlegastan hátt, á hann því að lesa þær eptir messu við kirkju og festa þær upp þar og annarstaðar, er ókunnugir opt koma, t. a. m. við veitingahús, ferjustað eður verzlunarstað, sje hann í hreppnum.

Á þeim degi og þeirri stundu, sem til tekin er í uppboðsauglýsingunni, kemur hreppstjórinn með vottum sínum á uppboðsstaðinn. Hann les fyrst upp uppboðsskilmálanana, býður þar eptir upp samkvæmt skránni fjármuni þá, sem selja skal, ítrekar skilmerkilega þau boð, sem koma fram, og slær með hamri eður öðru verkferi högg, þegar hið hæsta boð er komið, og má þar eptir afhenda hinn uppboðna hlut þeim, er bauð, ef hann borgar það, sem hann hefir boðið, í peningum, eður, ef hreppstjóri treystir sjer til að lána honum hið uppboðna samkvæmt uppboðsskilmálunum. Geti sá, sem hið uppboðna er til slegið, ekki borgað það þegar í stað, og vilji hreppstjóri eigi gefa honum gjaldfrest, skal bjóða hið uppboðna upp aptur, og má hreppstjóri þá síðan neita að taka við boðum af hlutaðeiganda.

Eptir uppboðið heimtar hreppstjóri inn andvirði hins selda, ef ekki sjerstakur gjaldheimtumaður er ráðinn af þeim, er beiddist uppboðsins, og á hreppstjóri að hafa gjört reikning fyrir andvirði uppboðsins innan 4 vikna eptir gjalddaga þann, sem til er tekin í uppboðsskilmálunum fyrir þá kaupendur, er gjaldfrestur veitist. Allt það, sem fram fer við uppboðið, ritar hreppstjóri nákvæmlega, og sendir hann sýslumanni sem fyrst hina þannig skráðu uppboðsgjörð, staðfesta með nafni og innsigli sínu og nöfnum vottanna, svo og gjaldheimtumans og annara er hlut eiga að máli.

38. gr.

#### Úttektar- og skoðunargjörðir.

Eptir skipun sýslumanns er hreppstjóri skyldur að framkvæma með öðrum þar til skipuðum manni skoðunar- og virðingargjörðir á jörðum, húsum eður lausafje, til að meta ábata þann eður skaða, er menn hafa orðið fyrir, eður andvirði einhverrar eignar.

Skoðunargjörðir þessar eiga hreppstjóri og meðskoðunarmaður hans að framkvæma eptir reglum þeim, sem sýslumaður leggur fyrir þá, um leið og hann skipar gjörðina, en

hjer skal farið nokkrum orðum um skoðunargjörðir þær, er geta farið fram án skipunar **68** sýslumanns, þá er ábúandaskipti verða á jörð, og nefnast þær, eins og kunnugt er, *Úttektir*. 29. apríl.

a, Skoðunargjörð á jörð, sem eigandi þangað til hefir setið á; en nú er leigð eða seld öðrum, er að henni flytur, er mest innifalin í því, að lýsa sem nákvæmlegast ástandi því, er jörðin er afhent í, og á þá að segja frá:

1, húsum þeim, hlöðum, heygörðum og heytóptum, sem afhendast, efni og byggingarlagi sjerhvers húss, hve gamalt það sje, ástandi viðanna í því, hleðslunni á veggjunum o. s. frv.

2, stærð og tölu kálgarða þeirra, sem eru á jörðunni, hvort túnið sje þýft eður sjjett, og í hverju ástandi túngarðurinn sje, hvort vatnsveitingaskurðir sjeu í túnnum eður engjum, og hvernig þeir eru gjörðir eður þeim haldið við, þá á að nefna hlandforir, traðargarða, kvíar, stekki, flóruð og girt haugstæði m. fl., sje nokkuð verulegt mannaverk á þeim, hvort jörðunni tilheyrir meltak, skógar, rekafjara, grasatekja, sölfatekja, mótak, þang til eldneytis, eggvarp, dúntekja, veiði, og enn fremur, hvernig hagar eru sumar og vetur, hve margar skepnur hafi verið hafðar á jörðunni, hvort eigi hafi vantað áburð á túnið, í hvaða ástandi engjar og aðrar utantúnsslægjur sjeu, og ber að öllu samtöldu að skýra frá sjerhverju því atviki, sem getur miðað til að skýra hugmyndina um, hvernig góð ábúð þurfi að vera á henni, hvað gjöra þurfi til þess hún haldist í góðri rækt, og hve mörg vinnuhjú þurfi að hafa til að vinna upp tún og engjar,

3. Loksins eiga úttektarmennirnir að skoða kúgildi þau, sem leigð eru með jörðunni, skýra frá aldri kúgildis-kúa og ásauðar, og hvort hver skepna sje í leigufæru standi.

b, Nú eru úttektarmenn kvaddir til að skoða jörð við fráför leiguliða, og þá er annaðhvort annar leiguliði eður eigandinn flytur að jörðunni, og skulu þeir þá hafa fyrir sjer byggingarbrjef hins fráfaramandi leiguliða og úttekt þá, er fór fram, þegar hann tók við jörðunni, og ber þeim auk þess að lýsa jörðinni, eins og að framan er sagt undir a, 1. að bera ástand hennar, sem nú er, saman við ástand hennar eins og því er lýst í eldri úttektum, og eins og það ætti að vera samkvæmt byggingarbrjefinu. Getur þá orðið spurning um annaðhvort álag handa þeim, er við jörðunni tekur, eða uppbót handa þeim er frá henni fer.

1. Þegar meta skal jarðarálag ber að taka til greina ábúðarskyldur leiguliða, eins og þær eru áskildar í byggingarskilmálunum eða ákveðnar í lögum. Samkvæmt landsleigubálki Jónsbókar og síðari lögum ermaður skyldur að halda uppi húsum þeim öllum, er þá voru, er hann til jarðar kom, ábyrgjast fyrningu á þeim og byggja þau upp á eiginna kostnað. Að því leyti hús jarðarinnar eru ekki nýbyggð og í gildu standi, skal meta álag á þau, hvert út af fyrir sig, svo að landsdrottinn fær ekki að eins skaða þann bættan, er leiðir af illri eða hirðulausri meðferð leiguliða, heldur og fyrning þess sem leigt er. Á sama hátt skal meta skemmdir og fyrningu á öðrum mannvirkjum jarðarinnar, ef leiguliði er skyldur að halda þeim við. Svo skal og meta rékt á túnnum og engjum og meðferð og umhirðingu á innstæðu-kúgildum jarðarinnar og hlunnindum þeim, er henni fylgja. Fyrir hvað eina, er vantar á, að hús eða önnur mannvirki jarðarinnar verði talin leigufær og ófyrnd, skal gjöra hinum fráfaramandi leiguliða álag.

2. Komist úttektarmenn að þeirri niðurstöðu, að jörðin, mannvirki þau, sem á henni eru, eður leigufjæð sje nú allt, eður nokkuð af því, í töluvert betra standi, en þá er landsetinn kom að jörðunni, eiga þeir eins að meta þær endurbætur, sem jörðin m. m. þánnig hefir tekið, frá því hún síðast var tekin út, og um leið kveða upp álit sitt um það, hvort leiguliðinn þánnig hafi tilkall til þokkabótar fyrir endurbætur á jörðunni eður

**68** til að slíkar endurbætur komi upp í ofanálag það, sem honum fyrir bresti í öðrum greinum ábúðar sinnar beri að gjalda.

Úttektarmenn eiga að dagsetja úttektina svo, að báðir málspartar eður umboðsmenn þeirra fái nægilegan fyrirvara til að koma til úttektarinnar. Málspörtum ber þannig að gefa færi á að vera viðstöddum við úttektargjörðina, og koma fram með það, er þeir hafa að athuga við ályktanir úttektarmanna, og eiga málsaðilar að lokinni úttektargjörð og henni skráðri, að staðfesta með undirrituðum nöfnum sínum, að allt sje ritað, eins og það hefir fram farið. Allar úttektir skal rita í þar til gjörða bók.

## V. Skyldur hreppstjóra til að sjá um framtal til tíundar og annara alþjóðlegra gjalda, og um samning ýmsra skýrslna.

39. gr.

Menn skulu samkvæmt lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878 (stjtið. A. 6.) eiga með sjer tvenn hreppskilapíng ár hvert, hin fyrri á vorin 12.—24. dag júnímánaðar, en hin síðari á haustin 1.—20. dag októbermánaðar. Skyldur er hver maður hvort heldur er karl eða kona, búandi eða búlaus að mæta á hreppaskilapíngi því, er hann á sókn að, til að telja fram lausafje það, er hann átti eða hafði undir hendi í fardögum. Hver sem eigi mætir á hreppaskilapíngi, eða lætur fullveðja mann mæta fyrir sig, og er honum það sjálf-rátt, verður sekur um 1 krónu. Hreppstjórar skulu kveðja til hreppaskilapínga með píng-boði, er berast skal um allan hreppinn rjetta boðleið, og er hver sá sekur um 3 kr. til sveitar sjóðs, sem tefur boðburð að nauðsynjalausu eða fellir niður.

Hreppstjóri á að boða píngið tímanlega, velja til pínghaldsins þann dag á tíma-bilum þeim, er nefnd voru, sem er hentugastur hreppsboendum, og, ef kostur er á, tala sig saman við hreppsnefndina um, að hún samkvæmt 12. grein sveitarstjórnarlaganna haldi fund annaðhvort á undan hreppstjórnarpínginu eður eptir það, og er hreppsnefndar-mönnum jafnt og öðrum búöndum hreppsins skylt að koma á hreppstjórnarpíngið, telja fram fje sitt, og láta þær skýrslur í tje, sem heimtaðar verða.

Þegar hinum eiginlegu píngstörfum er lokið, má hreppstjóri leyfa frjálsar um-ræður um mál þau, sem varða almenning, en vel ber að gæta þess, að allt fari friðsam-lega og vel fram á pínginu, og er hver sekur 6 álnum, er verður sannur að harki og háreysti á pínginu, þrátt fyrir það að hreppstjóri hafi gjört honum áminningu.

Þíng skal halda í þínghúsi hreppsins. Hreppstjóri kveður sjer tvo votta að, og skulu þeir með honum sjá um bókun þínggjörðanna og staðfesta þær.

40. gr.

Á vorþíngi skal hreppstjóri leita skýrslna um lausafje og um búnaðarástand í hreppnum í síðastliðnum fardögum, og er hver bóndi samkvæmt rentukammerbrjefti frá 7. ágúst 1787, konungsúrskurði frá 19. júní 1793, stjórnarbrjefti frá 10. ágúst 1852 og 1. og 4. gr. tíundarlaganna 12. júlí 1878 skyldur að segja hreppstjóra greinilega og rjettilega frá:

1, tölu allra gripa, sem hann hafði undir höndum í fardögum að meðtöldum innstöðu-kúgildum og skepnum þeim, er hjú hans eiga og aðrir, sem á hans vegum eru;

2, tölu skipa þeirra og báta, er hann á eða hefir undir hendi, og sem ganga til fiskiveiða.

3, tölu og stærð í ferhyrnum föðnum lands þess, sem ræktað er og yrkt á jörðunni, en stærðina má finna með því að mæla lengd og breidd landsins og margfalda breiddartöluna með lengdartölunni;

4, hve margir faðmar hafi hið síðastliðna fardagaár verið grafnir af vatnsveitinga-  
skurðum, og hlaðnir af túngörðum, hve mikið hafi verið sljettað í ferhyrnum föðmum af  
þúfum, hve mikill jarðargróðinn hafi verið af rótarávöxtum og heyi, hvort mótak hafi  
verið notað, og hve margir hestar eða tunnur af mó þar hafi verið teknar á tjeðu fardagaári.

Hafi hreppstjóri ástæðu til að halda, að skýrsla einhvers bónda sje ónákvæm eða  
röng, á hann þegar í stað að halda spurnum fyrir um gripatöluna og búnaðarástandið á við-  
komandi jörð, en hina lagfærðu skýrslu ritar hreppstjóri á viðkomandi eyðublað, og tilferir  
í áframhaldandi röð þar fyrst alla búendur í hreppnum, og síðan alla húsmenn, lausamenn  
og vinnumenn, sem nokkurt tíundarbært lausafje eiga eða hafa nokkra garðyrkju.

Um leið og fyrnefnd skýrsla er gefin, skal hver búandi maður skýra frá, á hve  
mörgum jarðarhundraðum hann búi eptir dýrleika þeim, sem settur er á ábylisjörð hans  
í jarðabók þeirri, sem lögleidd var með tilsk. 1. apríl 1861. Dýrleiki á þrætulöndum, er  
sjerstaklega eru metin, skal talinn fram af ábúanda þeirrar jarðar, er landið er notað  
frá. Noti það fleiri jarðir, og verði ekki tiltekið víst hlutfall fyrir afnotin, ber að skipta  
dýrleikanum jafnt milli allra þessara jarða.

Um hundafram talið vísast í 27. grein hjer að framan.

41. gr.

Eptir lögum um lausafjártíund 12. júlímán. 1878 (stjórnartíð. A. 6.)  
skal hver maður, sem á hált hundrað í tíundarbæru lausafje eða meira, tí-  
unda það á hverju ári, og skal áður nefnt vorframtal, að því er snertir skepnur og skip,  
leggjast til grundvallar fyrir tíundinni, þannig að á hausthreppaskilum skal skýra frá því,  
sem farizt hefir um sumarið af því, er fram var talið um vorið, og skal hreppstjóri draga  
það frá vorframtalinu ásamt innstæðukúgildum. Allan annan leigupening en innstæðu-  
kúgildi skal leiguliði tíunda sem sitt fje. Þar sem eigi er fastákveðið innstæðukúgildatal  
á jörðum, er heimilt að telja 1 kúgildi á hverjum 5 hundraðum en ekki fleiri.

Lausafje það, er talið er fram, skal nákvæmlega rita í hreppaskilabókina, leggja  
það í hundruð og álnir, eins og síðar segir, telja það saman, og loksins draga frá sjöunda  
hlutann hinnar samanlögðu tölu hundraða þeirra, er fjenaðurinn að frátöldum vanhöldum  
og innstæðukúgildum gjörir.

Fjenaður skal lagður í tíund eins og hjer segir:

1 kúr leigufær . . . . .	hver 120 áln. 1 hundrað.
2 kúr eða 2 kvígur mylkar, sem eigi eru leigufærar	— 60 — 1 —
3 geldneyti tvævetur eða geldar kvígur . . . . .	— 40 — 1 —
2 naut eldri . . . . .	— 60 — 1 —
6 ær með lömbum leigufærar . . . . .	— 20 — 1 —
15 lambskotur . . . . .	— 8 — 1 —
10 sauðir þrjevetrir eður eldri . . . . .	— 12 — 1 —
12 sauðir tvævetrir eður geldar ær . . . . .	— 10 — 1 —
24 gemlingar . . . . .	— 5 — 1 —
3 hestar eður hryssur fimm vetra eður eldri . . . . .	— 40 — 1 —
4 trippi tveggja til fjöggra vetra . . . . .	— 30 — 1 —

Geitfje má leggja í tíund eins og sauðpening eptir kyni, aldri og öðrum atvikum.

Fella skal úr tíund sjöunda hluta fjenaðarins.

Skip og báta, sem ganga til fiskiveiða, skal leggja í tíund, sem hjer segir:

1 þilskip . . . . .	3 hundruð
1 áttæringur eða stærri skip . . . . .	1½ —

Hinn 29. apríl 1880.

68  
29. apríl.

1 sexæringur eða feræringur . . . . . 1 hundruð  
1 tveggjamannafar . . . . . 1/2 —

Veiðigögn fylgja skipi hverju í tíund.

Þyki hreppstjóra framtal einhvers tortryggilegt, eða að eigi sje rjett skýrt frá vanhöldum, skal hann gjöra honum tíund, er hann álitur hæfilega eptir því sem næst verður komizt um fjáreign hans. Sama er og ef einhver eigi mætir á hreppaskilapingi eða segir ekki til tíundar sinnar. Finni hreppstjóri ástæðu til að halda, að nokkur hafi vísitandi talið rangt fram, skal hann rannsaka slíkt mál sem glöpmál.

Á haustþingum á hreppstjóri loksins, samkvæmt konungsúrskurðum frá 16. júlí 1817, 2. marts 1853 og 28. febr. 1880 (stjtið. B. 60.) og rentukammerbrjefi frá 23. ágúst 1817, að leita skýrslna um verðlag það í reidum peningum, sem verið hefir hið síðastliðna ár, frá 1. október til 30. september, í hreppnum á landaurum þeim, sem taldir eru í hinum árlegu verðlagsskrám, og skulu þeir nefndir í hinni sömu röð, sem þeir þar eru til greindir. Verðið skal sett, eptir því sem vörurnar hafa gengið í kaupum og sölum manna á milli, eður á verzlunarstöðum þeim, er hreppurinn sækir að.

42. gr.

Eptir lögum um tekjuskatt 14. desbr. 1877 (stjtið. A. 23.) er hreppstjóri formaður skattanefndarinnar, en hún á á hreppastefnum á haustin að taka skýrslur hreppsþúa um tekjur þeirra, semja síðan skrá um alla þá, sem tekjuskatt eiga að greiða, leggja hana fram eigi síðar en 1. dag nóvembermán. á stað, sem birtur hefir verið á kirkjufundi, og láta hana liggja þar til sýnis til 15. dags nóvembermánaðar, loksins skulu skrár þessar sendar sýslumanni fyrir nýjár. Að öðru leiti vísast um þetta efni til nefndra laga og reglugjörðar 15. maí 1878 (stjtið. B. 57.).

43. gr.

Af öllum húsum skal greiða skatt til landssjóðs 15 a. af hverjum 100 krónum í virðingarverði húsanna og gjald til hlutaðeigandi kirkju 5 a. af hverjum 100 kr. Hús þau fyrir utan kaupstaði og verzlunarstaði, sem eru notuð við ábúð á jörð, er metin er til dýrleika, eru undanþegin þessum gjöldum. Þar að auki eru undanþegin landssjóðsskattinum hús þau, sem ekki eru fullra 500 kr virði. Hreppstjóra ber í hvert sinn, sem byggt er í hreppnum nýtt hús, sem ekki er notað við ábúð á jörð, sem metin er til dýrleika, að senda sýslumanni og kirkjubaldara, skýrslu um það, svo að ráðstöfun verði gjörð til að virða húsið. Að öðru leyti vísast tillaga um húsaskatt frá 14. desbr. 1877 (stjtið. A. 22.), laga um kirkjugjald af húsum frá 19. septbr. 1879 (stjtið. A. 13.) og reglugjörðar um virðingu á húsum, er skatt skal af greiða í landssjóð frá 18. maí 1878 (stjtið. B. 58.).

44. gr.

Samkvæmt tilskipun frá 12. febr. 1872 um spítalagjald af sjávaraflla, skal hreppstjóri hafa skrá um alla báta, opin skip og þilskip, sem höfð eru til fiski- eða hákalla-veiða í hreppnum, og skal þar skýrt frá eigöndum skipanna og bátanna, og ef einhver þeirra er utanhreppsmaður, einnig frá formönnum. Um fyrri hluta janúarmánaðar skal því næst hreppstjóri heimta af skipa og báta eigöndum eður formönnum skýrslur um upphæð þess, sem aflað hefir verið á báta eður skip þeirra frá 1. janúar til 31. desember næstliðið ár, og eru formenn eður skipseigendur skyldir að láta til þessar skýrslur að við lagðri æru sinni og trú, að sannar sjeu. Skulu þeir þannig skýra frá:

1. hve mörg tólfröð hundruð hafi fengizt allar 3 vertíðir og þar í milli eptir hvert skip og eptir hvern mann, sem rjeri eður fiskaði á skipinu, a, af fiski, sem verkaður er sem saltfiskur,

- b, af fiski, sem hertur er, eða sem seldur er óverkaður,  
2. hve margar tunnur hafi fengizt á hvert skip allar 3 vertíðir og þar í milli  
a, af fiski, sem saltaður er í tunnur, og  
b, af hákalslýsi og jafngildi þess í lifur.

Hálft hundrað (60 fiskar) og hálf tunna og þar fram yfir telst sem fullt hundrað eða full tunna. Það, sem ekki nemur hálfu hundraði eða hálfri tunnu, skal ekki talið. Telja skal fram allt það, sem komið hefir á skipið, og síðan verið verkað eður selt óverkað án tillits til þess, hvort það hefir verið selt eða verkað til neyzlu í landinu sjálfu eður til útflutnings. Að eins það af aflanum, sem neytt hefir verið óverkað, af þeim, er sjálfir höfðu aflað það, eður skylduhjúum þeirra, skal ekki talið fram. Skipseigandi eða formaður skal telja fram, ekki einungis eiginn afla sinn, heldur einnig afla allra annara, sem hlut taka af skipinu. Sju bæði skipseigandi og formaður utansveitarmenn, er formaðurinn skyldur eptir hverja vertíð, áður en hann fer úr hreppnum, að skýra frá afla þeim, er komið hefir á skipið, og um leið greiða hreppstjóra spítalagjaldið.

Ef skipseigandi eða formaður neitar að telja fram afla af skipi sínu, á hreppstjóri að skapa þeim afla-upphæðina eptir því, sem hann hefir heyrt áreiðanlega menn segja og eins og hann bezt getur gizkað á. Finni hann ástæðu til að tortryggja framtal nokkurs, á hann að höfða rannsókn út af því, eins og um tíundarsvik.

Hafi hreppsþúar nokkra fuglatekju, skal hreppstjóri á hentugum tíma heimta skýrslur af þeim, er hlut eiga að, um hve mörg hundruð af fugli þeir hafi veitt það ár, og telst hjer partur af hundraði með töluupphæðinni (sjá konungsbrjef 26. maí 1824 sbr. við 8. gr. tilsk. 12. febr. 1872).

Upphæð þess, sem aflast hefir á hvert skip, skal rita eptir fyrr tjeðum skýrslum í gjaldskrána í dálka, er til þess eru ætlaðir, og á skráin síðan að liggja öllum til sýnis hjá hreppstjóranum í 14 daga og á því næst að senda hana sýslumanni fyrir febrúarmánaðarlok ásamt frumskýrslum þeim, er hreppstjóri hefir meðtekið frá gjaldöndum þeim, er sjálfir hafa talið fram afla sinn.

45. gr.

Hreppstjóri á að semja þessar skýrslur:

1. um framtal til lausafjártundar á vor- og hausthreppaskilum (sjá 40. og 41. gr. hjer að framan).
2. um búnaðarástand (sjá 40. gr. hjer að framan).
3. um þá, sem tekjuskatt eiga að greiða (sjá 42. gr. hjer að framan).
4. um fiski og hákallaveiði og fuglatekju í hreppnum (sjá 44. gr. hjer að framan).
5. um hundahald á hverjum bæ í hreppnum (sjá 27. og 40. gr. hjer að framan).
6. um verðlag á landaurum (sjá 41. gr. hjer að framan).
7. um verkfæra menn í hreppnum, sem eru eldri en 20 ára en yngri en sextugir og án tillits til stöðu þeirra (sjá tilskipun um vegina frá 15. marz 1861. 16. grein).
8. um alla þá hreppsþúa sem tíunda meira lausafje en 1 hundrað og því samkvæmt konungsbrjefi frá 10. maí 1788, 17. gr. tilsk. frá 24. jan. 1838 og 53.—54 gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar eru gjaldskyldir til viðkomandi amtsjóðs.

Af hinni fyrstnefndu skýrslu lætur hreppstjóri hreppsnefndinni, presti og kirkju-eiganda samrit í tje innan 14 daga eptir haust-hreppskilapíngið, en sýslumanni sendir hann a, fyrir nóvembermánaðarlok skýrslurnur um tíundarframtal (1), um búnaðarástand (2) og um verðlag landaura (6).

b, fyrir árslok skýrslur um gjaldþegna amtsjóðs (8) og um gjaldskyldar tekjur (3),  
c, fyrir febrúarmánaðarlok skýrsluna um sjávaraflla og fuglatekjur (4),

- 68** d, fyrir sumarmál skýrsluna um verkfæra menn (7),  
 29. apríl. e, fyrir septembermánaðarlok skýrsluna um hundahald (5).

## VI. Skipun hreppstjóra, eiður hans, bækur og laun.

46. gr.

**a.** Eins og til er tekið í 12. grein, á hreppstjóri heimtingu á að fá hin nauðsynlegu útlát sín í glöpmálum endurgoldin og hæfilega þóknun fyrir vinnumissi þann, er leiðir af aðgjörðum hans í slíkum málum. Sömu leiðis getur hreppstjóri eins og meðal annars er tiltekið í tilskipun 5. jan. 1866 um fjárveikindi, átt von á álíku endurgjaldi og álíkri þóknun í þýðingarmiklum lögreglumálum; en aðgjörðum sínum að minni háttar lögreglumálum ber hreppstjóra, ef unnt er, að haga svo, að þær hafi ekki neinn kostnað fyrir almenning í för með sjer.

**b.** Rjettargjörðir þær, sem getur um í IV. þætti reglugjörðar þessarar, er hreppstjóra skylt að framkvæma án borgunar, ef hlutaðeigandi málsaðili hefir fengið gjafsókn, eður ef málið er höfðað af valdstjórninni, þó ber hreppstjóra sami ferðakostnaður í slíkum málum og í hinum eiginlegu einkamálum. Rjettarlaun hreppstjóra í málum einstakra manna, sem gjafflutningur eigi hefir verið veittur, eru þessi:

1. Fyrir að birta stefnu, fyrirkall um fjárnámsgjörð eður um aðra rjettargjörð, og dóm, á að gjalda til skiptis meðal beggja stefnuvotta, en af þeim er hreppstjórinn annar,

ef málið er minna virðis en 50 króna . . . . . 37 aur.

ef málið er meira virðis . . . . . 75 —

fyrir að birta svarskröfu, uppsögn, útbýgging eður annað slíkt

erindi án tillits til verðs málsins . . . . . 75 —

Þar að auki á sá, er biður um gjörðina, ef stefnuvottarnir þurfa að fara lengra en 1 mílu landveg eður  $\frac{1}{2}$  mílu sjóveg frá heimili sínu, að greiða hverjum stefnuvotti 50 aura fyrir hverja mílu á landi eður  $\frac{1}{2}$  mílu á sjó, sem fara þarf á útleiðinni, en heimleiðin reiknast ekki; og greiðist ferðakostnaður þessi, eins og fyrr var sagt einnig í gjafflutningsmálum og valdstjórnarmálum (reglug. 10. septbr. 1830 § 63).

2. Fyrir að lesa við kirkju eður að festa þar upp auglýsingar bera hreppstjóranum 37 aurar. Þar að auki ber honum ferðakostnaður eptir 1. tölul., ef kirkja sú, sem auglýst er við, er ekki hans eigin sóknarkirkja (reglug. § 64).

3. Fyrir að semja uppskriftir og virðingar undir uppboð eður skipti ber hreppstjóranum, þegar hinir skráðu munir nema 200 krónum eður minnna . . . . . 83 aurar.

frá 200 krónum (excl.) til 600 kr. (incl.) . . . . . 1 kr. 66 —

frá 600 kr. (excl.) til 1200 kr. (incl.) . . . . . 2 — 66 —

meira en 1200 kr. . . . . 4 — " —

en ferðakostnaður gelst ekki (reglug. § 65).

4. Fyrir að veita skoðunargjörð forstöðu, eður halda áreið vegna sýslumanns, bera hreppstjóranum daglega 2 krónur, en enginn ferðakostnaður (reglug. § 66).

5. Fyrir að skoða og virða fasteign, taka út jörð eður skipta húsum og jörðum, greiðast báðum skoðunarmönnum 2 krónur, og skiptast þessi laun jafnt meðal þeirra, ef þeir báðir eru hreppstjórar, annars ber hreppstjóranum 1 kr. 25 aurar, en hinum 75 aurar, og á hreppstjórinn að bóka það, sem fram fer.

Fyrir að skoða og virða lausafje, greiðist báðum skoðunarmönnum til jafna skipta 1 króna 33 aurar.

Hver skoðunarmaður á þar að auki tilkall til 33 aura fyrir að mæta í rjetti og staðfesta gjörðina þar með eiði (reglug. § 67). 68  
29. apríl.

6. Fyrir að vera vitni við skiptagjörðir og aðstoða skiptaráðanda í þeim, ber hreppstjóranum að tiltölu við efni búans og ómak sitt frá 2—30 króna (reglug. § 68).

7. Fyrir að framkvæma fógetagjörð vegna sýslumanns, ber hreppstjóra helmingur alls fógetagjaldsins, en hinn helminginn hlýtur landsjóður, en allt fógetagjaldið er, þegar það, sem tekið er lögtaki, nemur allt að 20 krónum (meðtöld.) . » kr. 75 aur.

frá 20 krónum (ótöld.) til 40 króna (meðt.) . . . . .	1	—	50	—
— 40 — (ótöld.) — 100 — — . . . . .	2	—	25	—
— 100 — — — 200 — — . . . . .	3	—	»	—
— 200 — — — 300 — — . . . . .	3	—	50	—
— 300 — — — 400 — — . . . . .	4	—	»	—
— 400 — — — 1000 — — . . . . .	5	—	»	—
— 1000 — — og þar yfir . . . . .	6	—	»	—

Þar að auki bera hverju vitni 33 aurar á degi hverjum, en ferðakostnaður greiðist ekki (reglug. §§ 17, 69 og 74).

8. Fyrir að taka alþjóðleg gjöld fjárnámi, bera hreppstjóranum 50 aurar frá hverjum, sem gjaldið er tekið hjá, en hverjum votti bera 16 aurar. Þar að auki greiðist ferðakostnaður eftir 1. tölul. (reglug. § 70, og op. br. 2. apr. 1841 § 4).

9. Fyrir að selja óskilafje á uppboðsþingi, fær hreppstjóri  $\frac{1}{6}$  part uppboðsverðsins; en fyrir önnur uppboð  $\frac{1}{25}$  part uppboðsverðsins eður 4 af hundraði auk sanngjarnra innheimtulauna, ef hann er gjaldheimtumaður á uppboðinu (reglug. §§ 41 og 71).

10. Fyrir eptirrit eptir úttekum og öðrum embættisgjörðum handa öðrum en sýslumanni bera hreppstjóra í ritlaun 50 aurar fyrir hverja örk (reglug. 7. gr.)

**e.** Fyrir eptirlit með hundahaldi bera hreppstjóra samkvæmt tilsk. 25. júní 1869 2. og 5. gr. 2 kr. af hverjum óparfahundi, sem haldinn er í hreppnum.

**d.** Hafi fjárskoðanir og önnur slík störf í för með sjer verkfall og ferðir, á hreppstjórninn eins og fyrr var ávíkið, tilkall til hæfilegrar borgunar samkvæmt tilsk. 5. janúar 1866.

**e.** Samkvæmt 16. gr. tilsk. 26. maí 1863 ber hlutaðeiganda hreppstjóra helmingur þess gjalds, sem greitt er fyrir lausamennskubrjef.

**f.** Eptir síðastnefndri lagagrein og öðrum fleiri lagaákvörðunum, ber hreppstjóra nokkur hluti af sektum fyrir ýms lagabrot, og munu honum verða dæmdir eður úrskurðaðir af sýslumanni eður amtmanni slíkir hlutir í hvert sinn, er slíkar sektir falla.

Samkvæmt konungsúrskurði frá 21. júlí 1808 mega amtmenn leyfa hreppstjórum að bera embættisbúning.

#### 47. gr.

Amtsráðið ákveður eptir tillögum sýslunefndarinnar, hve margir hreppstjórar skulu vera í hverjum hreppi. Í þeim hreppum, þar sem fleiri en einn hreppstjóri eru skipaðir, skiptir sýslumaður störfum milli þeirra. Ef hreppstjóri deyr eður hreppstjóraskipti verða af öðrum ástæðum, sjer sýslumaður um, að nýr hreppstjóri verði kosinn samkvæmt ákvörðunum í 39. grein sveitarstjórnartilskipunarinnar, og skipar mann til bráðabirgða til að gegna hreppstjórninni. Með skipunarbrjefi amtsins sendir sýslumaður hinum nýkosna hreppstjóra exemplar af þessari reglugjörð og uppkast til svo hljóðandi eiðstafs:

«Jeg sem með brjefi amtmannsins yfir er skipaður hreppstjóri í hreppi sýslu, heiti því, að jeg vil af ýtrasta megni, með ráðvendni, hrein-

68 skilni og óhlutdrœgni gegna öllum þeim störfum, sem fyrir mig koma í þessari sýslun. 29. apríl. Jeg skal vera hollur og trúr konungi Danaveldis, halda stjórnarskrá og önnur lög landsins og hlýða löglegum skipunum sýslumanns og annara embættismanna, er skipaðir eru eða verða yfir mig. Svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilagt orð».

Á næsta dómþingi, sem átt er í hreppnum, á sýslumaður þar epti að eiðfesta hreppstjóra sem stefnuvott.

Embættisbækur hreppstjóra eru:

1. Hreppaskilabók, er rita skal í lausafjárframtal og aðrar þær skýrslur, er hreppstjóri á að semja nema hundahaldsskýrsluna, hana skal rita í
2. Hundahaldsbók.
3. Uppskriptar- og uppboðsbók, og skal þar í einnig rita fúgetagjörðir og úttektir.
4. Brjefabók, og skal í henni vera skrá yfir öll embættisbrjef, er hreppstjóri tekur við og eptirrit eptir þeim embættisbrjefum, er hann ritar.

Bækur þessar skulu kostaðar af sýslusjóði, og skal sýslumaður löggilda þær og sjá um, að þær verði reglulega og rjett ritaðar.

Auk bóka þessara og þeirra skjala, er þeim fylgir, á hreppstjóri að geyma vel og vandlega stjórnartíðindi þau, er honum eru send og halda þeim saman. Ber honum í hvert sinn og hann meðtekur sendingu af þeim, að gæta að, hvort nokkurt vanti, og ef hann getur ekki fengið það á næstu pósthöfðum, bera sig upp um það sem fyrst við sýslumann.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 29. apríl 1880.

**Hilmar Finsen.**

*Jón Jónsson.*

#### EFNISYFIRLIT.

##### I. Almennar skyldur.

1. Gagnvart hreppsnefnd og almenningi.
2. Gagnvart sýslumanni.
3. Óhlutdrœgni.
4. Hlýðni.
5. Embættisskýrslur.
6. Þagmælska.
7. Hugrekki, kurteisi og gætni.

##### II. Glöpmál.

8. Tortryggilegir menn. Hneykslanleg sambúð.
9. Skýrsla og framkvæmdir í glöpmáli. Meðferð á stolnum munum. Húsleit. Vardhaldstaka.
10. Strókumenn. Lýsing á stolnum munum.
11. Framkvæmdir með valdi.
12. Vardhald á fongum og flutningur.

##### III. Lögreglumál.

13. Verðgangur og flokkingur.
14. Lausamenn og húsmenn.
15. Þurfamannaflutningur.
16. Ólögleg verzlun.

17. Mælingar- og vogaráhöld.
18. Helgidagabrot.
19. Vogrek.
20. Friðun fugla. Selalátur. Fiskiveiðar á sjó. Laxveiði.
21. Formenn og hásetar.
22. Húsbændur og vinnuhjú.
23. Vegir og vegamerki.
24. Fjallskil.
25. Mannfundir.
26. Ill meðferð á skepnum.
27. Hundahald.
28. Lækningar. Þrifnaður. Sóttvarnir.
29. Heilbrigðisástand kvikfjárins.
30. Jarðabætur.
31. Viðhald á kirkjum og kirkjugörðum.
32. Fólksflutningur til útlanda.
33. Skipströnd o. fl. Skýrsla um sjálfsbana.

##### IV. Rjettargjörðir.

34. Stefnumfarir.
35. Fúgetagjörðir. Lögtak.
36. Skiptagjörðir. Mannalátsskýrslur. Uppskriptir á dánarbátum.

37. Uppboðsgjörðir.
38. Úttektir og skoðunargjörðir.
- V. Framtal til alþjóðlegra gjalda, ársskýrslur.
39. Hreppskilaping.
40. Vorþing. Framtal á lausafje. Búnaðarskýrslur. Hundahald.
41. Haustþing. Hvornig lausafje skal lagt í tíund. Verðlagskýrslur.
42. Tekjuskattur.
43. Húsaskattur.
44. Gjald af sjáfarafja og fugla-tekju.
45. Yfirlit yfir ársskýrslur hreppstjóra.

##### VI. Skipun hreppstjóra o. fl.

46. Laun og tekjur a, í glæpa- og lögreglumálum b, fyrir rjettargjörðir c, af hundum d, fyrir fjárskoðanir e, fyrir lausamennskuleyfi f, af sektum. Embættisbúningur.
47. Skipun, eiður, bækur, stjórnartíðindi.

# Skýrsla

um framtal til lausafjártundar á vor- og hausthreppaskilum í Víkurhreppi Fjarðarsýslu árið 1881.

Athugasemd. Gettje, sem er tals 19 í öllum hreppnum er talið með sauðunum. Leigufje er talið með fje leigandans, og nam það fyrir allan hreppinn í fardögum 1881 14 hndr. 80 ál. auk innstæðukúgildanna.

	Naut		Sauðir.		Hross		Skip		Þar frá dragast		Gjaldskyld	
	al.	hndr.	al.	hndr.	al.	hndr.	al.	hndr.	al.	hndr.	al.	hndr.
Býli.  Mannanöfn.	Eldri naut											
	Geldar kvigur og geldneyti tvævetur.	7	5	2	2	62	5	32	46	30		
	Aðrar kýr og mylkar kvigur tals											
	Kýr leigufærar tals.											
	Ær með lömbum leigufærar											
	Lambskotur											
	Geldar ær og tvævetrir sauðir											
	Sauðir þrjevetrir og eldri											
	Gemlingar											
	Hestar eða hryssur 5 vetra eða eldri tals											
Búendur.  Bjarnastaðir	Trippi 2—4 vetra tals.											
	Þilskip											
	Áttæringar eða stærri											
	Sexæringar eða feræringar											
	Tveggjamannaför											
	Hið framantalda lausafje gjörir alls											
	Vanhöld talin á hausthreppaskilum											
	Föst innstæðukúgildi											
	Eptir verða											
	1/2 hluti fjenaðarins (að frádragnum vanh. og innstæðukúgildum)											
Húsmenn og lausamenn  Kotmúli  Vinnuhjú  Bjarnastaðir												

Fyrirmynd 2. (40. gr. reglugjörðarinnar).

## Skýrsla

um búnaðarástandið í Vikurhreppi í Fjarðarsýslu í fardögum 1881 og fardagaárið 1880—1881.

Athugasemd. Meðal-töðuhéstar telst hjer 16 fjórðungar, en útheyseshtar 12 fjórðungar.

Býli.	Mannanöfn	Gripir og fjenadur í fardögum 1881		Land Jarðabætur rektað og fardagaárið 1880—1881		Jarðargróði fardagaárið 1880—1881	
		Nautpeningur	Hross	Í fyrri hálfu dög. 1881	Í seinni hálfu dög. 1881	Hey	Rótar-árextir.
Býli.	Mannanöfn	Ábúðarhundruð.		Kálgarðar og annað sáðland í ferh.föðm.		Hris og skógarviður, hestar	
		35.2		Flæðiengi, dagsl. á 1600 ferh. faðm.		Svörður eða mór, hestar	
		" "		Tún, dagsláttur á 900 ferh. faðm.		Rófur og næpur, tunnur.	
		" "		Veturgömull tals		Jarðepli, tunnur	
		" "		Tíundarbær samtals		Úthey, hestar	
		" "		Geitfje samtals		Taða, hestar	
		" "		Sauðkindur samtals		Þúfnasljettun í ferhyrnum föðmum	
		" "		Veturgamall tals		Túngarðar hlaðnir, faðmar	
		" "		Tíundarbær samtals		Skurðir til vatnsveitinga, faðmar	
		" "		3171		780110	
Bjarnastaðir . . . . .	Bjarni Jónsson . . . . .	3	413	328	780	5	4100
Kotmúli . . . . .	Vigdís Magnúsdóttir . . . . .	16	1	"	"	"	8
		16	1	328	780	5	4100

Veturgamall nautpeningur og veturgömull hross eru ekki tíundbær, og þessvegna að eins talin í þessari skýrslu, og ekki í skýrslunni um framtal til lausafjártúndar. Hin samanlagða tala sauðkinda og geitfjár í þessari skýrslu verður, ef allt er rjett talið, hin sama og tala sauða í túndarframtalskýrslunni.

Fyrirmynd 3. (42. gr. reglugjörðarinnar).

68  
29. apríl.

## Skrá

yfir þá, sem tekjuskatt eiga að greiða í Víkurhreppi í Fjarðarsýslu árið 1880.

Heimili.	Nafn og staða	Tekjur af fasteign			Tekjur af atvinnu			Hvort gjaldandi hafi sjálfur talið fram tekjur sínar
		Tekjur. kr.	Umboðskostnaður og veðskuldavextir kr.	Skattur er talinn af kr.	Tekjur kr.	Kostnaður við að reka atvinnuna. kr.	Skattur er talinn af kr.	
Kotmúli	Vigdís Magnúsdóttir húskona	75,85	10	65,85	»	»	»	já
Ytrey	Jón Jónsson prestur	130,50	20	110,50	900	40	860	já
Eyri	Bergur Jónsson kaupmaður	230	»	230	10000	7500	2500	nei
—	Guðmundur Lýðsson verzlunarbjónn	»	»	»	1200	»	1200	já

Hinn 29. apríl 1880.

**86** Fyrirmynd 4. (44. gr. reglugjörðarinnar).  
29. apríl

## Skrá

yfir skip og báta, sem gengið hafa til fiskiveiða í Víkurhreppi í Fjarðarsýslu árið 1880  
og um sjáfarafla og fuglatekju í þessum hreppi nefnt ár.

Skipin.		Nöfn og heimili skipseiganda og þeirra, sem fuglatekju hafa haft.	Nöfn og heimili formanna.	Fiskur.				
Númer.	Smálestatal þilskipa. Áratal opinna skipa.			Verkaður sem saltfiskur. Tölfreð hundrúð.	Hertur eða seldur óverkaður. Tölfreð hndr.	Saltaður í tunnum. Tunnur.	Hákarlsýsi eða jafngildi þess í lifur. Tunnur.	Fuglatekja. Tíreð hundrúð.
120	»	Bjarni Jónsson á Bjarnastöðum.	Gísli Einarsson frá Djúpadal.	80	»	»	30	»
2	» 10	Sami	Indriði Pálsson frá Bjargi.	24	7	»	»	»
3	» 2	Sami	Jón Lýðsson frá Ytriey	9	»	»	»	»
11	» 2	Páll Gíslason á Bjargi.	Eigandinn	10	1	»	»	»
13	» 6	Vigdís Magnúsdóttir á Kotmúla.	Jón Pálsson frá Bjargi.	18	2	»	»	»
»	»	Sölvi Helgason á Ytriey.	—	»	»	»	»	12

Fyrirmynd 5. (27. gr. reglugjörðarinnar).

86  
29. apríl.

## Skýrsla

um hundahald í Víkurhreppi í Fjarðarsýslu árið 1881.

Byli	Nöfn hundaeiganda	Tala þeirra hunda, sem haldnir eru	Tala þeirra hunda, sem eigandi þarf að halda.	Gjaldskyldir hundar.
Bjarnastaðir	Bjarni Jónsson	3	3	„
---	Jón Guðmundsson	1	„	1
Ytriey	Jón Jónsson	3	2	1

Fyrirmynd 6. (41. gr. reglugjörðarinnar).

## Skýrsla

um verðlag í Víkurhreppi í Fjarðarsýslu frá 1. október 1880 til jafnlengdar 1881.

Tala	(Töluliðir 1 til 43 eins og í hinum prentuðu verðlagskrám)	Verðlag	
		kr.	a.

Fyrirmynd 7. (45. gr. reglugjörðarinnar).

## Skýrsla

um verkfæra karlmenn í Víkurhreppi í Fjarðarsýslu vorið 1880.

Heimili.	Nöfn	Aldur.	Staða
Bjarnastaðir	Bjarni Jónsson	59	bóndi.
---	Jón Guðmundsson	28	vinnumaður.
Ytriey	Jón Jónsson	40	prestur

**86** Fyrirmynd 8 (45. gr. reglugjörðarinnar).  
29. apríl.

## Skýrsla

um gjaldþegna amtssjóðs í Víkurhreppi í Fjarðarsýslu haustið 1881.

Heimili.	Mannanöfn.	Gjaldskyld		Gjaldfrjáls	
		hundrað	álnir	hundrað	álnir
Búendur:					
Bjarnastaðir	Bjarni Jónsson	27	2	»	»
Búlausir:					
Kotmúli	Vigdís Magnúsdóttir	3	9	»	»
Bjarnastaðir	Jón Guðmundsson	»	»	»	56

Fyrirmynd 9 (34. gr. reglugjörðarinnar).

## Vottorð um birtingu stefnu.

Ár 18 . . N. dag N.mánaðar höfum við undirritaðir eiðsvarnir stefnuvottar í N. hreppi birt framanritaða stefnu á heimili hins stefnda N. N. hjer í hreppi fyrir hinum stefnda sjálfum, er við fundum heima. Þetta vitnum við með skírskotun til eiða þeirra, er við höfum unnið, og staðfestum með nöfnum okkar og innsiglium.

N. N.  
(innsigli).

N. N.  
(innsigli).

### ATHUGASEMDIR.

- Eptir þessu má laga vottorð um birtingu dóma og annara skjala og skal ætíð vottað um, hve nær, hvar og hverjum skjalið sje birt.
- Sje sá, er eitthvað skal birta, eigi heima, skal gæta þess, sem tekið er fram í 34. gr. reglugjörðarinnar og verður vottorðið þá hjer um bil á þessa leið: — — «birt framanritaða stefnu á heimili hins stefnda N. N. hjer í hreppi fyrir konu hans G. (eða fyrir vinnumanni hans P), þar eð hinn stefndi ekki sjálfur var við staddur, og lögðum við fyrir tjeðan heimilismann að segja hinum stefnda frá stefnunni undir eins og hann kæmi heim — —».

Fyrirmynd 10 (35. gr. reglugjörðarinnar).

## Lögtaksgjörð.

Ár 1881 31. dag októbermánaðar var hreppstjórinn í N. hreppi staddur að Hóli með tilkvöddum vottum N. N. og N. N. til þess eptir lögtakskrófu N. N., með áritaðri lögtaksskipun hlutaðeigandi sýslumanns frá 30. f. m. og vottorði stefnuvottanna um, að

lögtaðsskipunin hafi verið birt 20. þ. m., að gjöra fjárnám hjá N. bónda hjer á bænum, til fullnustu kirkjugjöldum hans síðastliðið fardagaár. Bóndi var ekki heima, en lögtaðsskipunin var sýnd konu hans N. og hún krafín um skuldarupphæðina 3 kr. 25 a. ásamt borgun fyrir birting lögtaðsskipunarinnar og fyrir þessa gjörð, en hún kvaðst hvorki borga þessa kröfu nje vísa á neina muni upp í hana.

Voru þá teknir og virtir þeir munir, er nú skal greina:

Tala.	Hlutir þeir, sem lögteknir eru:	Virðingarverð	
		kr.	aur.
1.	Meiðasleði . . . . .	3	»
2.	Hjólborur, rauðlitaðar . . . . .	4	»
3.	Varreka . . . . .	1	»
	Samtals	8	»

Þetta áleit hreppstjórinn að myndi nægja fyrir hinni upphaflegu kröfu, sem og fyrir áföllnum og áfallandi kostnaði; lýsti hann yfir því, að hinir rituðu og virtu munir væru að áskildum rjetti þriðja manns teknir lögtaði til fullnustu tjeðum gjöldum.

Bóndakonon tók að sjer að varðveita muni þá, er lögteknir eru, þangað til þeir verða seldir, eða skuldin á annan hátt borguð. Hreppstjóri fal konunni á hendur varðveizlu hinna rituðu hluta, og auglýsti henni jafnframt, að þeir myndu verða seldir á uppboðsþingi, ef þeir yrðu ekki leystir úr lögtaðinu innan 14. daga.

Er svo fjárnámsgjörðinni lokið.

N. N.

N. N.

N. N.

*Fyrirmynd 11* (35. gr. reglugjörðarinnar).

## Kyrrsetningargjörð.

Ár . . N. dag N. mánaðar var hreppstjórinn í N. hrepp með tilkvöddum vottum N. N. og N. N., staddur á Breiðabóli, til þess eptir skipun sýslumannsins í N. sýslu að uppskrifa og kyrrsetja fjármuni N. N., bónda hjer á bænum, sem er ákærður fyrir þjófnað. Var hann sjálfur til staðar.

Brjef sýslumannsins, sem er dagsett 16. f. m., var til sýnis og lesið upp fyrir hinum ákærða.

Voru svo eptirnefndir fjármunir ritaðir upp eptir tilsögn hins ákærða, og eptir því, sem þeir fundust og komu fyrir, og jafnframt virtir eins og hjer segir:

Tala.	Fjármunirnir	Virðing	
		kr	aur.
1.	N. . . . .	N.	N.
	Samtals		

86  
29. apríl

Fleiri fjármunir komu eigi fram.

Samkvæmt fyrnefndu sýslumannsbrjefi lýsti hreppstjórinn yfir því, að allir hinir uppskrifuðu og virtu munir væru með þessari gjörð, að áskildum rjetti þriðja manns, kyrrsettir til fullnustu fyrir öllum kostnaði af sök þeirri, sem nú er höfðuð í rjettvísinnar nafni gegn nefndum N. N., og fyrir endurgjaldi til þeirra, er hann hefir stolið frá, og flýtur þar af, að hann má ekki án leyfis yfirvaldsins flytja hjeðan, selja, veðsetja, gefa eða á nokkurn hátt farga neinu af því, sem ritað er hjer að framan.

Er svo þessari uppteiknunar og kyrrsetningargjörð lokið.

N. N.

N. N.

N. N.

*Fyrirmynd 12* (36. gr. reglugjörðarinnar).

## Uppskriptargjörð.

Ár 18 . . N. dag N. mánaðar var hreppstjórinn í N.hreppi staddur að Höfn að tilkvöddum 2 vottum og virðingarmönnum N. N. og P. P. til þess, samkvæmt brjefi sýslumannsins í N. sýslu, dags. 3. þ. mán., að uppskrifa og virða dánarbú N. N. hjer á bæ, er andaðist 2. dag f. m.

Erfingjar eru:

A. Ekkja hins látna, N. N.

B. Börn þeirra hjóna:

1. N. 12 ára.

2. N. 10 —

3. N. 8 —

C. Börn hans frá fyrra hjónabandi:

1. N., gipt N. bónda N. á N., er var viðstaddur.

2. N., vinnumaður vestur á Hornströndum.

Fyrir hönd hinna ómyndugu er föðurbróðir þeirra N. N., viðstaddur, og fyrir hönd hins fjærverandi erfingja N. bóndi N. á N.

Ekkjan sýndi og vísaði á muni búsin, og voru þeir virtir, eins og hjer segir:

Tala.	Munir búsin.	Virðing	
		Kr.	aur.
1.—10.	A. Bækur.		
	(bókanöfnin) . . . . .	»	»
11.—20.	B. Rúmföt.		
	(rúmfatanöfnin) . . . . .	»	»
21.—30.	C. Íverufatnaður <sup>1</sup> .		
	(fatanöfnin) . . . . .	»	»
	Flyt	»	»

1) Það hjónanna er lengur lífir, þarf ekki að láta rita fatnað sinn og búningsskart (gullhringa, eyrnaklukkur m. m.). Þar á móti hefir það ekki að lögum rjett til að halda óvirtu rúmi sínu og reiðtýgjum.



86  
29. apríl.

Uppboð þetta hefir fyrirfram verið auglýst í næstu hreppum. Innheimtumaður N. N. lagði fram söluskilmála, dagsetta í dag, og voru þeir birtir fyrir kaupöndum. Þeir segja svo: — — —

Fram fór svo uppboðið sem hjer segir:

Tala	Munirnir sem boðnir eru	Virðing		Hæsta verð		Kaupendur
		kr.	aur.	kr.	aur.	
1.	N. . . . .	N.	N.	N.	N.	N. á N.
	Samtals					

Þar eð fleira var ekki boðið, er uppboðsgjörðinni lokið.

Hjer undir skulu rituð nöfn hreppstjórans og vottanna, sömuleiðis innheimtumannsins og annara hlutaðeigenda.

Fyrirmynd 14. (38. gr. reglugjörðarinnar).

## Jarðarúttekt.

Ár 18 . . N. dag N. mánaðar voru hreppstjórinn í N. hreppi og N. N. úttektarmaður staddir að Gili, til þess eptir ósk A. A. að taka út nefnda eignarjörð hans, er Þ. Þ. nú fer frá, en P. P. kemur að, og eru báðir hinir síðast nefndu viðstaddir og hefir P. P. umboð til þess að gæta þarfa A. A.

Hin síðasta úttekt jarðarinnar og byggingarbrjef fráfaranda voru til sýnis.

(Má svo fyrst lýsa húsum, gördum m. m., eins og reglugjörðin mælir fyrir, því næst ábúð jarðarinnar að öðru leyti og loksins innstæðu kúgildunum og jafnframt meta álag á hvað eina, sem ábótavant er af ábúanda hálfu, sem og fyrir fyrningu).

Er svo þessari úttektargjörð lokið.

Rita svo úttektarmenn nöfn sín undir, sömuleiðis fráfarandi og viðtakandi, og eigandi, ef hann er við.

### EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 30. marz þóknadist hans hátign konunginum allramildlegast að skipa kandidat frá læknaskólanum í Reykjavík Helga Guðmundsson til að vera hjeraðslækni í 10. læknishjeradi.

Hinn 12. apríl setti landshöfðingi aðstoðarprest sira Guðmund Helgason til að gegna á eigin ábyrgð Odda prestakalli um fardagaárið 1880—81.

27. s. m. var aðstoðarprestur sira Jónas Hallgrímsson settur til þess að gegna á eigin ábyrgð Hólma prestakalli í Reyðarfirði um fardagaárið 1880—81.

7. maí var presturinn að Hofi og Miklabæ í Óslandshlíð sira Tómas Þorsteinsson skipaður prestur í Reynistaðar prestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi.

22. maí var presturinn að Prestsbakka sira Brandur Tómasson skipaður prestur í Ása prestakalli í Vesturskaptafells prófastsdæmi.

24. maí var presturinn á Skútustöðum sira Stefán Jónsson skipaður prestur í Þór-oddsstaða prestakalli í Suðurþingeyjarprófastsdæmi.

S. d. var presturinn í Garpsdal, settur prófastur sira Steingrímur Jónsson skipaður prestur í Otrardals prestakalli í Barbastrandar prófastsdæmi.

S. d. var presturinn að Kirkjubólspingum og Stað á Snæfjallaströnd sira Eyjólfur Jónsson skipaður prestur í Selvogspingum í Árnessprófastsdæmi.